# Félagsblað

## U. M. F. Tindastóll.

# „Árgeislinn".

4. árg. 8.–13. Tölublað 1911.

5. árg. 1.–7. Tölublað 1912.

Nær frá 2. apríl 1911 – 28. apríl 1912.

# „Árgeislinn“

8. blað. – 2. apríl 1911 – 4. árg.

Ritnefnd { Sigríður J. Hafstað
Björn Skúlason
Jón Þ. Björnsson

## Fjelagsmál

Jeg lít við að meiningar fjelagsmanna geti orðið talsvert deildar um hvað það er ~~af málefnum~~, sem við þurfum að láta sitja í fyrirrúmi af málefnum vorum. Jeg hef stundum verið að hugsa um þau, og þá eru það mörg þarfleg málefni sem koma fram í huga manns og þau telja sig auðvitað mjög þörf og hvort um sig fynst að það þurfi að eiga forgangsrjettinn fyrir hinum, svo fynst „Skógræktarmálinu“ t. d. það lofar fögru ef við leggjum því lið vort, nýgræðingarnir sem við gróðursetjum lofa að vaxa og verða að stórum trjám, sem gefi okkur aftur í staðinn gott skjól, fegurð, góðan ilm í loftið o. fl. o. fl. Þá kemur „Sundíþróttin“ hún kveðst ekki geta lofað neinu af því sem hríslurnar voru að lofa en hún vill ábyrgjast það að hún geti bjargað lífi manna og gjört þá heilsubetri, sama er að segja með „leikfimina“ hún kveðst geta gjört menn sterkari, þolnari, liðugri og heilsusterkari menn. „Sjúkrasamlagasjóður“ hann lofar öllum sem í hann leggja peningalegri aðstoð ef veikindi ber að höndum. Þá kemur „húsbyggingamál“ það lítur svo á öll þessi mál, sem á undan eru komin að það eigi forgangsrjett fyrir hinum ~~málunum~~ og telur sjer til gildis að það geti skotið skjóli yfir fjelagsmenn sína á samkomum, þar sje hægt að hafa leikfimi, glímur, fyrirlestra, söng, dans og m. o. m og það tekur að sjer sömuleiðis að geyma allar eignir fjelagsins, svo sem eins og, leikfimisáhöld, skógræktar og garðyrkju

áhöld, allskonar jarðarávexti svo sem kartöflur, rófur o. fl. á meðan verið er að koma þeim í verð, svo rjettlætir það sig enn frekara með því að það (húsið) segist geta orðið billegt og haldgott, ef fjelagsmenn verði samtaka með að hjálpa sjer áfram, það bendir á að eftirð til þess að byggja sig upp liggi hjer niðri í fjörunni að mestu leyti, svo vill það að fjelagsmenn vinni sjálfir að byggingunni, en fái sjer aðeins einn vanan mann sem geti staðið fyrir verkinu – því með engu móti vill það líta illa út eða vera óvandað – og telur sjer það einu ekki til minkunar, heldur hljóti ungmenna-fjelaganna að bera kinnroða fyrir sig líka, það telur og manntakaleysi af ungmennafjelögum ef þeir í mörg ár una við að leigja sjer lítt brúklegan húsræfil.

Að endingu óskar húsbyggingarmálið eftir því af ungmennafjelögum að þeir taki sig upp á málefna skrá sína, og fari að vinna fyrir sig, safna kröftunum en flýti sjer ekkert að því að byggja sig upp, til þess að sneiða sem mest hjá því að taka stórt lán til þess.

Öll þessi málefni sem hafa nú fengið orðið eru nauðsynleg og góð málefni, en krefja gott samtök á huga og peninga, en mjer fynst sem hef nú litið á þau að húsbyggingamálið mæla einna best með sjer og hafa til brunns að bera flestar gagnsástæður, en jeg skal ekki eiða tímanum fyrir þeim með orðum en gjörið þið upp á milli þessara málefna, sem keppa hvort við annað Ungmennafjelagar.

Hjörandi

## Ættjarðarástin

Það eru víst margir sem unna ættjörð sína með hlýjum hug, og jafnvel kærleiksríkum tilfinningum.

Eg er einn af þeim

Eg ann fósturjörð minni Íslandi og tek það fram yfir öll önnur lönd. Það hefir verið vagga mín, þar naut eg æskudraumanna og þar lifði eg glaðværustu og saklausustu stundir lífs míns. Við það eru bundnar heitustu þrár mínar og framtíðarvonir.

Ættjarðarástin er nýjög mikilsverð í mínum augum, það virðist svo að hún bæri aldrei á sér hjá mönnum, en ef menn flytja sig alfarnir burt af fósturjörð sinni gagntekur þá vanalega hlýleg tilfinning og endurminningarnar um æskustöðvarnar þar sem þeir hafa notið hinnar óblönduðu og hreinu barnsgleði, þar sem þeir þekkja næstum hverja þúfu, og minnast flests sem þeir þekktu með sárum söknuði. Alt þetta í sameining mörgu fleiru syrtir sér til sínus í huga þeirra og veldur að heim þrá, sem tengir þá við föðurland sitt. —— Margur ættingjar sína fósturjörð sína án þess að hafa það hugfast að efla hag hennar á nokkurn hátt. En slíkt er rangt. Eins og það ætti að vera ungum börnunum að hugsa um móður sína, eins ættu þjóðirnar hver og ein að hlynna að fósturjörðu sinni.

Hér á þessu kalda landi, er margt mikla erfiðara viðfangs en víða annarstaðar, sökum þess þarf afarmikinn dugnað og hagsýni til að vinna þau verk, sem eru þó eru óumflýjanleg en þó hljóta að verða framkvæmd fyr eða síðar, svo framarlega sem land vort á að framfarast.

Fósturjörð okkar krefst þess, að vér leggjum fram krafta vora og sýnum það einnig í verki að hve vænt okkur þykir um hana.

Hún er auðug af beljandi fossum, sem hægt er að nota til að hreyfa margskonar vélar. Þar er vinnukraftur vor er svo lítill, væri sannarlega æskilegt að landsmenn hagnýttu sér betur afl fossanna og létu krafta þeirra létta undir með sér.

Samvinna og fjelagslyndi ætti að vera miklu meira og rótgrónara hjá okkur Íslendingum en það er nú. Þá mundi betur fara. Landsmenn þyrftu að fá fastari grundvöll til alþýðumentunar.

Með því bæði er ánægjulegt og gagnlegt að ættjarðarástin sé sem heilnust, ætti að glæða hana af fremsta megni.

Fátt kemur betur að notum í því efni en að lesa Íslendingasögurnar með athygli, því í þeim er sagt frá landinu og íbúum þess. Þar getum við kynst háttalagi þeirra, siðum og trú. Í Íslendingasögunum

er einnig talað um hreysti og dugnað forfeðra vorra. Margt bendir á ~~að~~ hve heitt þeir hafi elskað fósturjörð sína og verndað frelsi hennar og sjálfstæði á allan hátt. — Okkur verður vel við þá menn sem hafa starfað mest fyrir landið og viljað hefja þjóðina sjálfa í framfaraátt.

Það er víst áreiðanlegt, að enginn les fornsögurnar án þess að bera úr býtum margskonar fróðleik og hyggindi. Allir ættu að styðja sem mest að hag þjóðarinnar og feta í fótspor feðra vorra.

Björn Skúlason

---

## Lífið

Það er undarlegt, hvað mörgum mönnum hættir til að skoða lífið sem böl, eða nokkurskonar hefndargjöf, sem sífelt ergi og kvelji förunauta sína, „sálina og líkamann“, og gefi þeim sjaldan grið. Þeir skoða lífið sem skugga, er sífelt byrgi gleðisól þeirra, og gæti þess að þeir geti aldrei notið nokkurra verulegra sælu, og fyrir þetta svartsýni sitt gjöra þeir sig gjörsneydda allri gleði og unaðssemdum, sem lífið getur veitt, sé það skoðað í björtu ljósi, ef menn láta ekki hugfallast þótt eitthvað mótdrægt beri að höndum heldur láta mótlætið glæða frækorni þess góða og göfuga, sem hrærist í mannssálinni, og kenna manni að meta þá sælu sem margar saklausar gleðistundir geta veitt manni, og sem oft geta kallast sólskinsblettir í lífi margra einstaklinga, já svo bjartir sólskinsblettir, að þeir geta verið leiðarljós þeim, sem þeir hafa einhverntíma lýst, og forðað þeim frá margvíslegum villustígum. — Frjálsræðið, glettnin og ánægjan, sem einkennir bjartsýna manninn, er ekki einungis gott, að því leyti að það gerir honum lífið léttara, heldur verður hann einnig miklu færari maður til að starfa í þarfir þjóðfélagsins, því hann álítur ekki alla hluti óframkvæmanlega, þó þeir séu örðugleikum bundnir, heldur berst hann af alefli fyrir hugsjónum sínum, og á þann hátt veitir hann sjálfum sér fagurt og oft mikilsvert lífsstarf.

Eg efast ekki um að svartsýni maðurinn eigi einnig margar góðar og göfugar hugsjónir, en þær geta komið oft að litlu gagni, því hann getur ekki fundið neina möguleika til að framkvæma þær, eða hann álítur sjálfur að það sé lítilsverður heilaspuni, og þannig verða göfugustu hugsjónir oft að engu.

Bjartsýnið og svartsýnið eru tvö öfl, sem berjast um völdin, og að mínu áliti hefir hver maður nokkuð af þeim báðum. Baráttan milli þessara tveggja afla getur oft orðið nokkuð hörð, en alltof oft ber annaðhvort sigur úr býtum, og verður þá drottnari, en hins gætir minna lítið, sem minna er af.

„Lífið er gáta leyst á margan hátt.
Að hlæja og gráta hefir skifst á þrátt“
segir skáldið, og eg vil ætla að það hafi vitað hvað það sagði.

Hvað er lífið?

Barátta milli hins bjarta og dimma,
þess blíða og harða, þess ljúfa og grimma.

Barátta milli sorgar og sælu ~~sig~~
sigurs og vonbrigða hita og kælu.

Barátta milli ástar og ótta,
einlægni, vélræðis, næðis og flótta.

Barátta milli neyðar og nauða,
nisku og örlætis, lífs og dauða.

---

En hver eru takmörk lífs og dauða? Það er óséð hvar lífsfljótið freyðandi fellur í stórfelt dauðans haf. En dauðinn er brú frá baráttu lífsins, að bjartlýstum sólfögrum vonanna heim.

Kolbrún.

---

## Skuggsjá

Á hefir „sól“ frá elztu tímum
endurreist stirnuð blóm úr mold
gefið tisku og lífsþrótt lýtum

og legst af ísahlekkjum fold.
Litar glitrandi geislaletri
Guðs lög og dóm á hæð og gil,
að hausti, sumri, vori, og vetri:
veitt öllu lífi slysk og il.

Á hefir nautn frá elztu tíðum
unnið sitt hlutverk, slekti hönd
sýrisbönd hvernt af fljóðum fríðum
og flutt þau á villustiga lönd.
Við altari nautna fæðar farga,
frelsi, sakleysi, trú og dygð,
gefa þeim sálu og gleði marga
gæfu, vináttu, ást og tryggð.

Hluttekning á frá elztu tíðum
unnið hefir sitt fagra verk
brosir hún sælt gegn blíðum lýtum
þá brjóstið fyllir gleðin sterk.
Hamingjunni sinnir hryggðarveini
og huggar veika, mjúk og vönd,
viðkvæm, andvörpin lág í leyni
linar, og mótgangs hörðu bönd.

Guð hefir á frá elztu tíðum
annast og skygt sinn barnahóp,
gætt hans í lífsins straumi stríðum
stefnu gefið, og máttur skóp
grædandi tré með greinum fögrum,
sem gefa skjól og benda hátt,
Gullfögur blóm á grund og ögrum
sem gleðja og kenna að elska smátt.

Menn hafa á frá elztu tíðum
unnað sælu og frelsi þráð.
en oft féll skriða úr hárum hlíðum
og harðúð gylti blóðgað láð.
Ofsóknum hörðum menn því mæta,
mikil er grimmúð úlfahjörð.
En hyggnir gæfuna gjör sér gæta
grátunga að forðast áhlaup hörð.

Á hefir sorg frá elztu tíðum
átt sér bústað í hjarta manns.
Bjó hún oft þögl og leyndist lýtum
þá lyfti brjósti eigandans
andvörpin hljóð, sem þungar þelga
þrautir, er skúrir vota brá.
Sorgargyðjunni hjörtum helga
hreinustu fórn sem lífið á.

Lýgi hefir á frá elztu tíðum
átt sér bústað um víða bygð.
skóp hún oft mein og lífsþjáð lýtum
launaði og flærði í útlegð dygð;
vildi hún helzt með grimmum gini
gjöreyða sálu á fold og tróna
sífelt nagandi samviskuvini
sárbeittri mannorðs-þjófa tönn

— „ — „ — . —

„Enn þykir sumum fædra moldu.
„Feld eru ein gæfublóm í ofn.
„Enn brosa viðkvæm fljóð á foldu.
„Þó má enn skjól und eykarstofni
„Enn maður undan hættu forða
„Hreyfir enn brjóstið andvarp leynt
„Ofsóknar tungu eitur örvar,
enn geta flekkað mannorð hreint.

Kolbrún.

# „Árgeislinn"

## 9. blað – 17. apríl 1911 – 4. árg.

Ritnefnd { Eggert Jónsson
María Jóhannsdóttir
Þorbjörn Björnsson

" ═══ " ═══ " ═══ "

### Gleðin

Misjafnar eru skoðanir manna á því hver sé hin sanna gleði, hvar hana sé að finna, og í hverju hún sé fólgin. Þetta er líka mjög eðlilegt því tilfinningar manna eru mjög ólíkar, einn finnur nautn í því sem annar svo að segja fyrirlítur. Því miður leitar margur þeirrar gleði sem ytra ~~veiti~~ ytra honum fleiri leiðindastundir en þær sem hann naut gleðinnar. Sem dæmi getum við tekið vínnautn í vondum félagsskap og einnig dæmi ef afbrýði er að honum gjört sem því miður oft vill verða. Ég set hér sem dæmi karlmann sem er mjög sólginn í dans. Heimili hans er í sveit, og þarafleiðandi á hann erfiðara með að sækja skemtanir, sem oftast eru mest um hönd hafðar í kaupstöðum. Hann þessi áður nefndi maður, hittir á förnum vegi náunga sem færir honum þær fréttir að einmitt í kveld eigi að verða dansskemtun. Ég skal sannarlega flýta mér með störf mín því að á dansinn verð ég að komast; það eru nógu margar leiðinda stundirnar sem nú mæta, þá ég sleppi ekki. Þarna fær [gleðist] sem mjög glaðast. Hann keppist við sem mest hann má. Nærfötin verða rennvot af svita, því skepnuhirðing er talsvert erfið vinna, og það er því einmitt sú vinna sem flestir verkapiltar verða að sinna að vetrinum. Nú er hann kominn

í húsinu, kærir fötin sín og annað það sem hann þarfnast, þjónustan má flýta sér með meira móti; svo snarast hann af stað, gengur rösklega því „kirkjan ber hann hálfa leið". Hann nálgast danssalinn allt er komið á fljúgandi ferð. Hann lýtur inn allt er ~~komið á fleygi~~. „Hér verður skemtilegt í nótt allt besta fólkið komið". Hann snarar sér beint og lagar sig ögn til, svo, kemur hann að dansinum léttur í spori og með ánægjubros á vörum. Leiðinlegt væri nú ef einhver færi að spilla skemtaninni með einhverju fyrirlestrar rugli. Jæja hann dansar alla nóttina, kófsveittur. Tilfinningarnar hlaupa með hann í gáleysi. Stundum er hann reiður einhverjum sem honum finst í svipinn undast vera tekinn framyfir sig. Stundum svífur hann í algleymis stundarnautn með einhverja laglega stúlku í fanginu, gleymir þá öllu nema augunum hennar sem horfa á hann.

En tíminn bíður ~~ekki~~ þau verða að skilja í þetta skipti. Svona líður nóttin, hann finnur ekki til þreytu, þegar kallað er upp með að nú sé dansinum slitið, þá verður hann dapur í bragði, honum finst ekki mál að hætta, og þó er búið að dansa fulla 9 klukkutíma.

Nú snýr hann heimleiðis, en hvað honum líður illa. Hann er þreyttur það finnur hann nú, og svo óttalega einmana. Hann gengur niðurlútur og honum finst hann heyra skjálftatakið við og við en aldrei verður honum að líta upp til stjarnanna sem í þúsundatali leiftra yfir höfðum hans, og norðurljósanna sem við og við vagga björtu ljósi niður til hans kringum hann á þessari þögulu næturgöngu. Hann kemst heim er fremur stuttur í spuna þegar á hann er yrt, og vill sem fæst við heimafólkið tala. Nú má hann ekki sofa nema stutta stund því bráðum þarf hann að fara í húsin, hann sofnar þungum svefni. Og veit ekki hvort hann dreymir skemtilega drauma; ég held ekki, en eitt er víst, hann vaknar með höfuðverk og sem lurkum laminn. Hann undrar sig á þessu en man þá að hann hafði drukkið áfengi, og svo að líkindum dansað heldur mikið. Þrátt fyrir kringumstæðurnar verður hann að ganga að sínum daglegu störfum, en þau verða honum erfið, og honum líður yfirleitt illa, fleygir [illegible] en þá sem hann hefði notið skemtanarinnar

Eitthvað þessu líkt verður afleiðing misbrúkaðrar dans-
skemtanar, líkt þessu mun það einnig verða með okkar
hann þó efalaust nokkuð á annan veg, en þrautt er
að dansinn feli nokkuð gott eða göfugt yfir í
endurminningunni. Þetta er nú skaðinn á þessu
máli, ekki er víst að hún sé rétt athugi hver hjá
sér, sem gufuvertína hefir slegið sér aflangt í þessu
tilliti. Leitið hjá ykkur ungmennafélagar og athugið
hvert þið finnið ekkert sem þér ykkur fullkomnari
og varanlegri gleði en dansinn? Þekkið þið ekki
marga sem þarfnast fyrir umhyggju og kærleika, marga
sem eiga svo undra bágt, sem eru veikir, sjónlausir
fátækir, eða sem á einn eða annan hátt þera algjörlega
á mis við þessa heims gleði. Langar finnast þessum
stundunar, fagnir verða þeir hverjum deginum sem
líður. Getið þið ekki, uppörvað neitt um stytti þeim
einhvern daginn? Jú, vissulega getum við það öll ef
við aðeins höfðum hugsun og vilja á því. Skyldi ekki
hjarta okkar hoppa af gleði ef við gjörðum það.
Annars mikla gleði mundi þú vinna nú, sjá
skýna yfir andliti gamla blinda mannsins ef þú
kemur til hans og ávarpaðir hann þýðlega, syngur fyrir
honum stundarkorn brytur uppa einhverju umtalsefni
sem þú finnur hann hafa ánægju af, einhverju frá
hans liðnu æfi þegar hann hraustur og ungur beytti
kröftum sínum í þarfir fósturjarðarinnar, þú finnur
að hann lifir sem að nýju upp sínar sælu liðnu stundir
hann finnur ánægju í því að þú fylgir honum eftir
og gleðst með honum. Hversu innilega mun hann
ekki þrýsta hönd þína að skilnaði
Kom þú að sjúkrabeði, það er sem sjúklingurinn hlýni
bati er þú gamall kunningi frá heilbrigðum dögum,
kemur að sæng hans og sýnir honum hluttekning þína,
talar til hans hughreystingarorð, og bendir honum hvar
hjálpar sé að leita
Á hverju leiti sem maðurinn á bágt, getur þú altaf á
einhvern hátt orðið honum til raunaléttis, stund og
stund hafir þú einbeittan vilja á því, og það færir
innilega djúpa hjartans gleði að vera sér þess meðvit-
andi að hafa lagt nytsamlegan skerf til annara og stytt
líðandi stundir. Er það ekki hrein flekklaus og saklaus
gleði er þú nýtur í faðmi náttúrunnar á sólbjörtum

vormorgni. Þú vaknar við geisla morgunsólarinnar í
herbergi þínu, þú klæðir þig, gengur út undir heiðan
himininn. Hvað ber þá fyrir augu og eyru? Víðast hvar
lágur niður, niðurinn af vatnsföllunum, fuglasöng, Blikandi
brosandi blóm breiða marglit blöðin sín og knapparna
móti hressandi og vermandi geislum morgunsólarinnar.
Hvert sem þú rennir augunum blasir við vitnisburður um
dýrð og almætti drottins. Þú finnur löngunina og kraptinn
í sjálfum þér, löngunina til að ganga til starfa.
Þú lyptir huga þínum til hæða hrifinn af þakklæti
og biðjandi um ~~þakklæti~~ blessun, svo byrjaður glaður
og ánægður starf þitt og það margfaldar gleði þína.
Þú ert þér þess meðvitandi að þú vinnur fósturjörðinni
gagn, með hverju vel og trúlega unnu dagsverki.
Nú er vorið að koma, við skulum veita náttúrunni eftirtekt
allri sem nú fer að taka breytingum kringum okkur
við megum ekki loka augunum fyrir því, og taka
[illegible] skemtani í staðin
Á vorin þegar alt líf byrjar að vakna, þá er sem
vakni nýtt líf í sjálfum okkur, með bjartri von og
gleði; þegar sumarið kemur með alla sína dýrð, og
vaxandi lífskrapti, þá opnast hjarta vort með þakk-
látri gleði, og svo þegar að haustið kemur aptur, þá
verðum við þögul og hugsandi, og þráum eitthvað sem við
getum ekki sjálf að fullu gjört okkur grein fyrir hvað er
Við leitum og leitum, unglingurinn kastar sér efalaust
í soll skaðlegra skemtana, og getur svo kannske aldrei á
æfinni slitið sig lausann frá þeirra grunandi áhrifum
þráin fyrir það þótt hann finni að þær gjöri sér meira
illt en gott. Snúið huga unglinganna í aðra átt! Það er
svo mikilsvert að geta gjört eitthvað af öllu því sem
okkur er boðið að gjöra, hitt er í boðorðum ykkur og annara kærleikann,
kristilegann kærleika til allra manna, þá mun
hver og einn finna nægilega skemtun annarstaðar
við hollustari starf en þónýtar og gengdarlausar dans skemtanir
Það er eitt af því marga þarflega sem
þetta félag er nú byrjaða, að draga úr næturvökunum
við dansskemtanir. Heill sé félaginu fyrir það. Það sjá
allir að viðurkenna að dansskemtanir hóflega notuð í
2—3 kl.t. gera ekki illt, fremur gott, en þó em þó
sumir félagsmenn svo sjálfum sér sundur-þykkir að dansa
heilar nætur ef þeir fá tækifæri utan félagsins, en hinnar

Þó við að stutti dansinum sé leyfilegur.
Að svo mæltu óska ég af heilum hug að sem flestir ungmennafélagar nái sem heilbrigðustum skoðunum á þessu máli sem öðrum, og að þeir séu einlægir og stefnufastir í öllu gjörðum sem þeir taka sér fyrir hendur, en umfram allt ríki af kærleika til meðbræðra sinna

Hulda.

## Hálmur

## II Þjófurinn

Sigmundur gamli vaknaði snemma sunnudagsmorguninn í 20 viku sumars árið 1904
Það var hellirigning með norðan svelljanda einsog alla fyrirfarandi viku. Heyskapurinn var því með minsta móti í Bakkagerði hjá Sigmundi því óþurkarnir höfðu gert tilfinnanlega fyrir honum heyjaaflann
Sigmundur settist upp, þegar hann var búinn að núa stýrurnar úr augunum, og leit útum gluggann
„Drottinn minn góður, hvað tíðarfarið er þreytandi“ sagði hann og stundi við svo fór hann að klæða sig.
„Því í ósköpunum lofarðu manni ekki að hafa frið til að sofa“ sagði Helga kona hans, það má þó ekki minna vera en maður hafi næði á sunnudagana betri hin við.
Sigmundur og Helga áttu 4 börn á aldrinum, frá fjögur til tíu ára. Sigmundur ~~var~~, var álitinn efnilegur maður þegar hann var á sínum yngri árum, þá græddi hann fé og var talinn dugnaðar og efnismaður, hann var einnig hjálpsamur maður, og neitaði aldrei fátækum sem lán er þeir leituðu hans, og það leit svo út að eigur hans ykjust engu síður fyrir það. En svo fór hann að drekka, þegar hann var ..., þannig liðu nokkur ár í þjarkaginum hans í öndu, álitið fór minnkandi, einnig fór þverrandi heilsan þverrandi og áhuginn og starfsþrekið dofnaði og lamaðist

Um sama leiti kyntist hann Helgu og giftist henni
Þau byrjuðu búskap sinn í Bakkagerði, og upp frá því sást Sigmundur sjaldan kátur eða ánægjulegur á svip
Það var heldur ekki við að búast því óhamingjan elti hann á röndum að heita mátti. Sjálfur var Sigmundur heilsulítill, og konan var eirðarlaus og ófrísk, og sjálfur var hann drykkfeldur og var það engu minni óhamingja þótt það væri sjálfskaparvíti, gengu efnin því fljótlega til þurðar, og þegar hér er komið sögunni voru eignirnar þrotnar með öllu Sigmundur gengdi engu öðrum konunnar en gekk þegjandi frá henni. Hann kom ekki inn aftur fyrri en mjög var liðið á morguninn.
„Ekki veit ég hvað þú hugsar Sigmundur, að reyna ekki að útvega eitthvað til að borða, bæði ég og börnin þín erum öll hungruð.“
„Því kastu þó ekki ögn úr konum einu þá gáða minni“ svaraði hann! „Það er nú ekki mikið handa svo mörgum“ svaraði Helga. „En hvaðan hvar á ég að taka peninga til að kaupa matvæli fyrir?“
„Því nenni ég skammarinnar að segja þér til sveitar en að láta mig og krakkana drepast úr hungri. Guð veit að það er niðurlægjandi að biðja um sveitarstyrk, en ég get ekki horft á ~~blessuð~~ blessuð börnin hungruð svo það verður vera best að ég fari og finni hreppsnefndar eða hann gamla hann faðir hvort sem er öllu“
Sigmundur þvoði sér og greiddi hár sitt og skegg, svo fór hann í gömlu sparifötin sem nú voru orðin ljót og gömul, svo kvaddi hann og fór út
Sigmundur fór ekki strags á stað. Hann leitaði inni í skemmunni á hlaðinu, setti þar á reiðingsbeislið! nokkur tár hrundu niður kinnarnar hægt og hitlaust.
Það var einsog hann þyrði ekki að láta dagsljósið sjá til ferða sinna
Sigmundur hafði beint framundan sér starandi rakbleytulegum augunum, og sorgbitinn og gæðamannlegur. Og hann bað upphátt góði Guð láttu mig ekki þurfa að fara nema eina slíka ferð.
Svo lagði hann á stað til hreppsnefndarmanns

Framh.

## Stökur

Heill sé öllum hér í bæ,
er hugi saman binda.
til að lífga fólgin frá
þjóðu milli og tinda
Gleðja andans akurreit
yrkja blásna rinda,
rækta allra aumra mein
úlfúð burtu hrinda

Það sé okkar mark og mið
máttur vora að styðja,
efla hana og leggja lið
láða okkar miðja,
verða hennar vinnarlið
veg til frama ryðja,
bæta það sem biðjum við,
blessað vel sé iðja!

Giftu þig ekki til þess að. —— (Segir Hulda)

Giftu þig ekki eingöngu til þess að bæta einhvern mann eða konu. Bæti hann eða hún! sig ekki á undan giftingunni er ólíklegt að hann eða hún! geri það til hlítar á eftir. Engar vonir bregðast ungum piltum og stúlkum sárar, en sú von, að þær eða þeir geti breytt gálífum stúlkum eða piltum, í áreiðanlegan og trúfastan, eigin mann eða [stúlkurnar] eiginkonu (Það veit Hulda)

Giftu þig ekki einungis af því að þú hafir orðið svo dauð„skotin" allt í einu. Slíkt skot er ekki ást, og óvíst að það breytist nokkurntíma í ást einlæga ást, þótt svo geti farið er ólíkur möguleiki ekki traustur grundvöllur undir gæfu þinni æfilangt. (Það veit Hulda)

Giftu þig engum eða engri sem á öllum stundum snýr sig og sárt við leggur að hann eða hún! elski þig umfram allt geti ekki lifað án þín o.s.fr.o.
Ástin er ekki fólgin í tómu orðaglamri, Sá er eiginm. eða eiginkona, þarf að hafa ýmsa eiginleika — og sumir þeirra eru mikið nauðsynlegri en margir. Þú þarfnast líka að hann eða hún! hafi gott höfuð og hjarta, svo að hann eða hún! geti stutt þig hughreyst og hjálpað, og sé þér tryggur vinur eða vina! á lífsleiðinni. Oft, eða þeir og þær! flestum orðum um sig og ást sína sem síst geta borgað veislu-kostnaðinn eða brúðarkjólinn (Það veit Hulda)

Giftu þig ekki til [sín] að þurfa ekki að hafa sjálfur eða sjálf! ofan af fyrir þér. Því nú á tímum eru margir aðrir vegir fyrir unga menn og stúlkur, til að komast áfram, en það, sem eru miklu betri, vissari og heiðarlegri (Það veit Hulda)

Giftu þig engum eða engri! sem hótar að drepa sig ef þú neitir. Þesskonar hótanir sýna aðeins siðferðislegt þrekleysi. Og sá eða sú! sem lýsir því yfir að hann eða hún! sé vís að gjöra þetta eða hitt án einhvers vissrar pilts eða stúlku getur verið vís til alls þótt hún eða hann fái ~~viss~~ stúlku eða pilt (Það veit Hulda)

Giftu þig ekki einungis vegna þess að biðillinn eða biðlan er fallegur og vel búin. Fríðleikurinn eða og meistaraverk skraddarans, verða sjaldan meistaraverk í hjónabandinu. (Það veit Hulda)

Giftu þig ekki þeim eða þeirri þjósta sem býður þér, því sértu hrædd eða hræddur um að þú munir „piparast" ef þú neitir honum eða henni þá bíð og gef þig að hafa uppi ráð. Hugsaðu til hinna ótal þúsunda piparjómfrúa, hverra þær lifa hamingjusömu og gleðiríku og nytsömu líf. Kvinnanar hafi þennan eðlilega og óviðfeldna [illegible]. Vinnar þennann fína [illegible], og augun eru sprengfull af ást og þrá ekki til neins réttlætis, heldur til allra karlmanna yfirleitt. Hugsaðu til hinna þúsundanna margra piparsveina hverra þeir eru sjálfstæðir á vegi og heilir í hugum og hjörtum [illegible] mikið til enn ágætis (Þetta veit Hulda) Skildi hún ekki fá Nb. undir?

Árgeislinn

10. blað 12 Nóvember 1911. 4 árg.

Ritnefnd Jón Jónsson
Sigurbjörg Pálsdóttir
Friðrik Hanssen

## Haustið

Snjóðúkur sveipar fjallaskalla fríða,
frostrósir skreyta víða rúðugler,
og fuglaröddin þögnuð er hin þíða,
á þúfunum sitja kalin strá og ber:

Til þess að ekki, allar raddir þegi,
óma skal eg nú, láta söngum mínum,
til þess að ekki, öll vor frækorn deyji,
eitt skal eg vernda, rétt í þetta sinn.

En hvað sem ~~að~~ sprettur upp af þessu fræi
mun aðeins tíminn geta fært í ljós;
eg bið þig Óðinn og þig líka Bragi,
að upp þið látið spretta fagra rós.

Ekki þó rós á rúðuglerið tæra,
rós sem að finst ei nokkunt lífsmagn hjá,
heldur í sál og hjarta skaltu færa,
hljómana mína og frægin sem eg á.

Látið þar spretta rósir rósum betri,
rósir sem andan göfga allra mest,
látið á köldum frosta og fanna vetri,
frjómögnin sálar þroskast allra best.

*   *   *

Merry-andren

## Brot

Eg hallaðist upp að klettinum og gat varla varist tárum er eg leit upp yfir dalinn minn kæra, og hugsaði til þess, að nú átti eg að fara í burtu og ef til vill koma aldrei aftur. Eg vildi helst hætta við að fara, og þó var það mín heitasta ósk að fara út í heiminn og verða sjálfstæður maður.

Nú í kveldkyrðinni er sólin varpaði síðustu geislunum yfir dalinn, þá fanst mér sem hvert blóm hvísla til mín. Vertu kyr hjá okkur, þú hefir vaxið upp með okkur, og við munum aldrei bregðast þér.

Eg sat sem í leiðslu. Eg þóttist sjá lítinn dreng hoppa út úr bæjardyrunum út í blómabrekkurnar, og binda sér vendi úr ótelj andi skrautblómum. Hann var sæll og ánægður, það var ekkert ský á himni gleðinnar æskan og vorið í öllum yndisleik brosti við honum.

Það var á hallandi sumri. Hann sat út undir hólnum og horfði hugfanginn á hópa farfuglanna er flugu hver af öðrum, þeir voru á leið til sólbjartari landa, þeir fjarlægðust æ meir og meir, þar til þeir hurfu út við fjallröndina. En hvað hann þráði að verða stór, svo hann gæti komist yfir fjöllinn, til fjarlægulandanna, þar sem hann áleit að altaf væri sól og sumar.

Eg sá hraustlegan ungling leggja á stað, út frá bænum. Hann helt röskl ega upp eftir fjallinu, stansaði á efstu brúninni, leit brosandi vonglaður heim að bænum og helt síðan leiðar sinnar. Áfram helt hann, og ofan hlíðina hinumegin. Sólin var í hádegisstað — Hann settist niður og virti fyrir sér hið fagra útsýni. En út við sjóndeildarhringinn, dró upp dökkan flóka er óðum stækkaði og færðist um himininn.

Eg hrökk af þessum dvala, við að svalur gustur blés ~~f~~ frá Norðri. Var það fyrirboði ókominna hörmunga er biðu mín? Eg stóð á fætur — rendi tárvotum augum yfir dalinn, og kvaddi í huga mér hvert blóm hverja hæð og laut. Aldrei hafði mér verið jafn þungt. Veruleiki lífsins var nú að skírast fyrir mér. Eg var nú ekki lengur barn, eg var að verða fullkoðinn maður. Eg hraðaði mér heim. Allir voru háttaðir og sofnaðir. Ef til vill var þetta síðasta nóttin á hinu kæra æskuheimili mínu.

?

## Syndugi—maður—sjá—að—þér—

Þá er vér athugum og berum saman lífið í Sveitunum hér á Íslandi, og kaupstaðarlífið, sjáum vér ljóslega hverzu hið fyrnefna er miklu rólegra og tilbreitingarminna.
Aftur á móti er kaupstaðarlífið meiri breitingum undirorpið og kemur það mestmegnis af staðháttum og kringumstæðum kaupstaðarbúa.
Þegar vér athugum veraldarsöguna sjáum vér dæmin deginum ljósari. Strags í hinum fyrstu kaupstöðum landsins fer að bera á sundurlyndi meðal kaupstaðarbúa, og þar af leiðandi jafn snemma á því, að hver maður vill skara eld að sinni köku, þótt þeir margir stæðu sem einn ~~[illegible]~~ maður þegar óviðkomandi mönnum var að mæta.
Kaupstaðurinn gengur líka alt af á undan með ýmsa nýja siði bæði í klæðaburði og matartilbúning, og síðast en ekki síst, með alskonar spillingu, er þeir breiddu út frá sér, yfir landið og héruð þau, er þeir höfðu áhrif á.
Þegar ég hugsa um sveitalíf og kaupstaðarlíf fyr á tímum, dettur mér æfinlega í hug „borgin" Sauðárkrókur, sem stendur á fögrum stað (eins og flestir Skagfirðingar vita) vestan megin við Skagafjörð. Sem er óbeinlínis höfuðstaður Skaga~~[illegible]~~fjarðar, því hér sitja helztu embættismenn sýslunnar og sömuleiðis elztu, helztu, og ríkustu kaupmenn hennar, sem þekkingar sinnar vegna ganga á undan öðrum hér, innan kaupstaðarins og utan, með góðu eftirdæmi, bæði hvað manngæzku og lítillæti snertir. Hér eru líka elztu og helztu mentunar og menningarstofnanir sýslunnar, svo sem barnaskóli og unglingaskóli.
Hvað nemendurnir læra á skólum þessum veit ég ekki, en svo mikið er víst, að ekki kenna kennarar þeirra þeim neitt ljótt né ósiðsamlegt, því kristnir eru þeir öðrum mönnum betur hér í bæ, og jafnvel svo að undrun sætir, því ekki meiga þeir heyra hinn gamla skuggajöfur nefndan eins vægilega og hægt er, án þess að hneykslast á því, sjálfir nefna þeir hann aldrei nema að gera sér tæpitungu eða draga mjög mikið af nafni hans eins og gjört er við börn til fermingar. En þegar börnum er hleypt útúr skólanum hér, á milli kenslustunda, þá fynst mér samt að vera mjög líkt að heira til þeirra, þrátt fyrir allan agan, og barna í öðrum kaupstöðum, og jafnvel sveitabarna, sem varla hafa séð kaupstað á æfinni,

og eru eftir skilningi kaupstaðarbúa mikið „vennulegri" en í kaupstöðunum. Ekki als fyrir laungu hefi ég heyrt, að í vor hafi kennarar og skólanefnd barnaskólans afnumið dönskukenslu við skólann, en í staðinn fyrir þessa námsgrein var bætt við handavinnu, og í því fagi hlaut kennarastöðu gömul Frú, sem lítið hafði á að lifa, og sýnir þetta ljóslega hjartagæzku skólanefndarinnar, að hún skildi vera svona hugsunarsöm við fátæka systir, saman ber „Ástvaldar tvíboði".
Hér situr sýslumaður sýslunnar, og hefir hann furðu lítið að gjöra í jafn stórum bæ, því Sauðárkróksbúar eru spakir menn og gæfir, og þyki það undrun sæta ef manni er gefið á kjaftinn hér, en ef þannig lagað ber við, þá er hinn seki óðar kærður, og fær hann sín makleg málagjöld, og er síðan ekki minst á þann atburð, því Sauðárkróksbúar eru þagmælskir, og lítið fyrir það gefnir að fordæma náungann. Þó ekki sé róstusamt hér á S'króki nú sem stendur, þá rekur samt elztu menn minni til þess, að húsbændur hafi barið hjú sín ~~[illegible]~~ fyrir sakleisi, og stefnt þeim svo á eftir. En nú er öldinn önnur segir Jón Þorláksson skáld frá Bægisá.
Hér á Sauðárkróki, eru líka helztu bókasöfn sýslunnar, og heita þau svo: „Hið danska lestrarfélag, og Bókasafn Skagafjarðarsýslu." Margt eiga félög þessi af góðum bókum t d á Bókasafni Skagafjarðarsýslu allar reifara sögur Jóhanns Jóhannessonar, og auðvitað margt fleira, „en þar finst ekki" markt af helztu bókum landsins.
Hið danska lestrarfélag hefir ekki nema danskar bækur. Hvort það kemur af því að þeir, sem í því eru, þykjast svo mentaðir að þeir geti ekki lesið íslenzku, veit ég ekki, en nokkuð, er það, að engin íslenzk bók er þar til. Ég hefi lesið nokkrar sögur úr því safni, og eru þar flest reyfarasögur mjög svipaðar sögum Jóhanns Jóhannessonar, en víst er það að ekki er þar til bók, sem hefir að geima nokkurn sögulegan fróðleik.
Hér eru mörg félög á Sauðárkróki, og eru menn hér fremur félagslyndir, því margir eru hér í svo mörgum félögum, að þeir vita ekki sjálfir, hverzu mörg þau eru. Svo ég nefni eitthvað af félögum þessum þá finst mér bezt að byrja á Goodtemplarafélaginu, það mun vera hið elzta félag hér, næst mannfélaginu

Hér eru Goodtemplarar eins og víða annarastaðar mjög
strangir bindindismenn, og kemur varla fyrir, að þeir
fái sér staup af víni með áfengi í, nema að þeir
verði krefaðir, eða þá eftir læknisráði fá ein glös af
„Toddý". En auðvitað er með þá eins og aðra menn, að
ef heldur mikið drekkur af því í þá, af „Alkohóli"
verða þeir kendir, og bera þeir það auðvitað misjafn-
lega. Hér í haust var einn af Goodtemplurunum
fenginn til að aka vatni í Sláturnarhús hér á Staðnum
því engin var í það vatnsleiðsla, og gekk það vel í
nokkura daga, en þegar fram í sótti fór aumingja
templaranum, að leiðast að drekka alt af tómt vatn,
og skrapp þá inní búðina, til þess að fá sér eitthvað
krapt betra á glasið sitt, en afleiðingunum varð sú að
hann fór að verða, fyrst glaður, því næst valtur á
fótunum, og að lokum, gat hann ekki staðið heima,
og þar af leiðandi mátti hætta við að aka vatninu,
og var undir kvöldið hent útur, nefnu Sláturnarhúsi, og
fékk þá sláturnarhússtjórinn óbreittan vantemplara til
að aka vatninu, og heyrðist þá ekki annað en það
hefði gengið vel. Nefndur Goodtemplari tók samt við
sínum störfum aftur þegar hann var orðin heill
heilsu, en þá hrasaði hann stöku sinnum, einkanlega
þegar kalt var. En þó það komi fyrir hér í Goodtempl-
arafélaginu, að menn brjóti bindindisheit sitt, þá er ávalt fél.
boðið og búið til þess að endurreisa hinn fallna bróður,
og stundum gengur hjartagæðska þess svo langt, að það
endurreisir sama manninn hvað eftir annað, þótt
hann sé vel hýr á meðan á hinni „heilögu athöfn
stendur".
Hér er líka til annað fél., sem gengur næst
Goodtemplarafél. með margt, svo sem með bindindisheit
og mannkærleika. Félag þetta heitir Ungmennafélag
Tindastóll. Í félag þetta hefir gengið margur maðurinn
sem orðinn er leiður á kreddum Stúkunnar, og
hyggur að ekki sé eins hart tekið á smá syndum
í nefndu Ungmennafélagi eins og í sjálfri Stúkunni"
Enda mun það víst vera satt. Til eru menn hér
sem bæði eru í Stúkunni og Ungmennafélaginu" og eru
það auðvitað, og eru það auðvitað mjög strangir bind-
indismenn eða minsta kosti: drekka ekki annað en
bjór" Nú lengi hefir Ungmennafélagið haft
fundi sína í Goodtemplarahúsinu hér á S.króki
en nú á síðasta fundi þess. (Ungmennafélagsins)
var kosin þriggja manna nefnd, er útvega skildi
félaginu hús til fundarhalda, og leikfimi í vetur.
En eftir því, sem kunnugir menn segja
þykir hinni háttvirtu nefnd. Templarahúsið
alt of hátt leigt enda er það von, því nefnt
hús er svo illa „innrettað" að ekki er hægt að hafa
eins margbreitilegar skemtanir í því, og öðru húsi
hér í bænum, sem Ungmennafélaginu stóð til
boða á sama tíma, en hús þetta var „Hótel
Gunnar" þar er afar stór salur sem kallaður
er „Syslusalur" og hvað hann eiga að vera til
fundarhalda leikfimi og dansleika, fleira er ekki
hægt að nota salin til, því þar er ekkert hægt
að gera, sem allir mega ekki sjá. Vilji maður
því einhversstaðar tala við kunningja sinn þar
sem ekki altaf er verið að ónáða mann, verður
maður að finna gestgjafan, og biðja hann um
herbergi, sem hann góðfúslega lánar, auðvitað
gegn sanngjarni borgun. Vitanlega er hærri
sama til hvers herbergið er notað, bara að það
sé ekki mikið óhreinkað, því þá kostar það
peninga að þvíða það aftur til.
Ekki get eg beint sagt af hvaða ástæðum
áður áminst nefnd hefir valið sal þennan
handa Ungmennafélaginu í vetur. Auðvitað
mun það mikið koma til af því, að eins og
eg áður hefi minst á, að Templarar vilja leigja
hús sitt svo dýrt, en Syslusalurinn fæst leigður fyrir
mikið minna gjald. Svo er líka eitt, og
það er það að skrafað er nú víða um bæinn,
að miklar Ölbirgðir komi í hús það er salur
þessi er í, og eins og alkunnugt er þykir
mörgum Ungmennafélögum mjög gott öl
Í Ungmennafélaginu Tindastóll er
margskonar samsafn manna, ægir þar öllu
saman. Menn eru þar á ýmsum aldri, alt frá
15 ára uppí 60 ára. „Gamlir piparsveinar eru þar
og einnig barnamenn og unglingar. Einnig eru
þar ungar stúlkur, og gamlar piparmeyjar
Gefur það því að skilja að þar sem svoka

margbreitilegt fólk er, að það hafi einnig marg=breitilegar skoðanir og hugsanir. Sumir eru svo gálausir að undrun sætir, og leiðir af því margskonar ásiðsemi. Aðrir eru þar sem lifa eins og munkar og nunnur, þykjast ekkert gott mega heira nefnt, en fer þá oft fyrir þeim eins og gömlu kirkjufeðrunum.
Fleiri fèlög eru hèr til, en þau sem eg ~~hefi~~ þegar hefi nefnt eru hin betztu og mest virt af almenningi."

Framhald síðar —lesari—
Kári.

## Áhryfin

Hið sterkasta afl í mannsálinni er þráin það er hún sem mennirnir berjast fyrir. Það er hún sem Gómar í öllum listaverkum snillinganna og skín í gegnum sögur lífinna alda. ymist sem fögur sól eða villandi geislalitur, af því að það er hún sem mennirnir helga krafta sína.- Hvað er það sem gerir einstak=lingin og þjóðirnar sjálfstæðar og farsælar, nema þráin eftir þroska og fullkomnun? Og hvað getur frekar ~~ste~~ steypt þeim í ógæfu og eyðileggingu en þrá eftir fánýti og hègoma=völdum?
Vèr erum alt af að berjast fyrir óskum vorum, heimurinn er starfsviðið fyrir hugsun vora og löngun. en heill vor er komin undir því, að það sè gott og fagurt sem vèr þráum og störfum fyrir. Er það ekki hörmulegt að hafa eftil vill í mörg ár slitið kroftum sínum fyrir oskir og vonir sem eru heimska og hègomi? Og er það ekki gleðilegt að finna að störf vor og þrá hafa fullkomnað sál vora, og borið oss áfram á framfara brautinna.
En hvað er það sem skapar þrána?

Það eru áhrifin. Það eru áhrifin, sem eru hreifi=aflið í hugsunum vorum og störfum, það eru þau sem skapa áhugan fyrir öllu góðu og fögru, — þrána — eftir meira Góði og þekkingu, það eru líka þau, er svo ~~oft~~ sorglega oft hafa eyðilagt góða hæfileika saklausi og æskuyndi.
Það eru einmitt áhrifin, sem ráða að mestuleiti lífsstefnu vorri.
Þess vegna er það, það dýrmætasta, sem nokkur fèlagsskapur getur skilið eftir sig, Góð Áhrif. Það eru einmitt góðu áhrifin, sem vèr þurfum að leiða inn í allan fèlagsskap; til þess eru félags bönd vor að vèr reinum að hafa góð áhrif hvorir á aðra, áhrif sem skapa nýjan þrótt og trú, til starfa fyrir land og þjóð; en vèr megum að gæta nákvæmlega að það sè ekki ofugt— einmitt nú, hjá sumum okkar.
Fèlag vort hefur starfað eitthvað um 4 ár og það getur hugsað með gleði til stefnu sinnar. En áhrifin eru lítil því margir meðlimirnir starfa en þá með dauðum áhuga, en áfram miðar því hægt og hægt, eins og björkinni, og eininum sem voru að klæða fjallið
Það hefur líka margar auðnir að græða í æsku lífi voru." Framh. síðar
Heiðinn

# Árgeislinn

11. blað. — 26. Nóvember 1911. — 4. árg.

## Ritnefnd:

Brynleifur Tobíasson, Bjarni Gíslason, Guðrún Heiðdal.

---

## Veturinn.

Kominn er hann. Skrúðrósir hefir hann grafið á gluggarúðurnar hjá okkur. Vatnslindunum hefir hann læst, og bjartur er hann nú og hreinn, fannafaldurinn „foldarinnar okkar gömlu“. Veturinn úti í náttúrunni þekkjum við öll. En við þekkjum ekki öll vetrarhugsanir og vetrarnæðinga inni fyrir.
Víst stendur mörgum ótti af honum, vetrinum klakabrynjuðum, og er von, því mörg raun hefir frá honum stafað.
En nú vaknar spurningin: Hefir veturinn engar glæsilegar hliðar, bjartar og blíðar hliðar? Svarið kemur eftir örstutta umhugsun: Jú, víst getur hann verið bæði hýrlur og bjartur, þó oftar sé hann kaldur og dimmur. Hann getur skift um skap. — En er ekki þetta, einmitt þetta, að veturinn er bæði blíður og stríður, lærdómsríkt og nauðsynlegt? Jú, það er eitt af fyrstu þroskaskilyrðunum. Við þurfum að hafa við eitthvað að berjast, til þess að verða að mönnum.
Og einmitt núna koma í hugann erindin þessi eftir Steingrím: „Ei vitkast sá, er verður aldrei hryggur, hvert viskubarn á sorgarbrjóstum liggur.“ Vetrarhugsanir í eiginlegum skilningi eru hryggðar umbrot og svartsýnis. Hryggðin er eðlileg; og meðfædd er sú hvöt manni hverjum, að hryggjast og gleðjast á víxl, eftir því hvernig viðburðirnir haga rás sinni. Þungbær reynsla er þraut, en hún er líka skóli flestum mönnum þeim, er í raunir rata. Þessi skóli þroskar skilning og krafta mannsins, betur en nokkur opinber mentastofnun, þegar þrautirnar ekki yfirbuga manninn. „Raunirnar stæla, svo hugur og hönd fá hörku og kraft til að vinna sér lönd,“ segir skáldið.

Járnið er hitað fyrst, svo er smíðað úr því á eftir. Margir eru þeir þannig mennirnir, að þeir þurfa að hitna og brenna, til þess að verða til nokkurs hæfir, það þarf að brenna úr þeim sorann, og oft tekst það í eldraunum mótlætisins.
„Ef að við ekkert er að stríða, er ekki heldur neinn sigur að fá.“
Veturinn er erfiður og kaldur, og það er gott. Hann glæðir skilninginn á lífinu og eflir starfshæfileikana, en nauðsynlegt, holt og gott er sólbaðið á milli. — Allsstaðar kemur það fram, þetta gamla: „Af misjöfnu þrífast börnin bezt.“ — „Rót kunnáttunnar er römm, en ávextirnir sætir.“ Þetta gildir um alla kunnáttu. —
Og svo áfram með veturinn!
Gamall maður gráhærður ber vott um, að til sé regluleg árstíð í æfi mannsins, sem heitir vetur. Gráu hárin minna á „stráin stálfrosnu“, sem Sig. Breiðfjörð segir, að séu „stakk í gráan búin,“ þegar veturinn hefir hrist hrammana. Ellin er oft róleg, tignarleg og heiðursverð, og minnir á vetrarkvöld, stilt og blítt, bjart og ljómandi. En stundum er hún líka hörmungatími, ávökunartími; þá er hún óttalegur koldimmur vetur, með hríðarstrokur og hörkubylji. — Hlákumyrkur, hríðar, frost og þorravindar. Allir eru hjúin okkur þörf! — Bezt líkar mér við kvöldstundirnar björtu, þegar yfir er alstirndur himinn og undir fótum eggslétt gleran, og snjórákir í drögum og dældum; í þeim tindra þá geislarnir. — Kærkominn gestur er veturinn öllum þeim, hinum mörgu, er stunda bóknám af alúð og ástundun. Og andlegan vorgróður á veturinn á veita þeim. —
Heyrt hefi ég, að meiri áhrif mundu ræður prestanna hafa, ef þeir á sumrin flyttu þær á fögrum stöðum undir beru lofti. Ber þessu ekki að neita að raunalausu. En ekki mundu ræðurnar þeirra síður hafa áhrif, ef þeir flyttu þær undir beru lofti eitthvert stjörnuheiða vetrarkveldið. — Aldrei sé ég almættisstimpilinn skýrari en þá í hinu víðlenda og töfrandi ríki náttúrunnar.

Brynleifur Tobíasson.

---

## Vísa, kveðin við barn.

Varðveit þína léttu lund, / lífsins fram á hinstu stund.
Gott er svo að halda í höfn / heillum studdur yfir dröfn.

—

# Alvöruorð.

Margir af ungmennafélögunum eiga heima á Sauðárkrók, og hinir, sem ekki eiga þar heima, koma oft til bæjarins. Oft eru þeir í einhverjum nauðsynja erindum, en oft koma þeir líka til þess að sýna sig og sjá aðra, sem svo er kallað.

Og öll göngum við um aðalgötu bæjarins, það er að segja: eftir breiða veginum, sem liggur eftir endilöngum bænum — milli sporðs og höfuðs á kauptúninu.

Þið fyrirgefið, þó ég taki nafnið úr biblíunni —, ég meina ekkert ilt með því. Það er leiðinlegt, að gatan skuli ekki heita neitt. Ég segi: Við göngum öll eftir breiða veginum, nafnið má ekki hneyksla ykkur; segi ég það aftur.

Það er auðvitað rangt, að við göngum öll og altaf, — við ríðum stundum, en það er ekki nema sjaldan. Enda er það hreinn og beinn lífsháski að ríða hérna eftir götunum. Ég er ekki að meina, að það sé lífsháski fyrir þá, sem ríða, heldur fyrir þá, sem eru gangandi. Og er það ekki nema eðlilegt, þar sem engar gangstéttir eru meðfram húsunum, og allir verða því að ganga út á aðalgötunni. Það er heldur ekki dæmalaust, að ríðið hafi verið ofan á menn á götunni.

En hvað er að tala um þetta á daginn, þegar albjart er og fólkið getur forðað sér. En þegar nóttin kemur og þenur sína kolsvörtu vængi út yfir bæinn, — þá fyrst fer að grána gamanið og voðinn að vaxa.

Einhverntíma endur fyrir löngu, voru reknir niður staurar meðfram breiða veginum, eflaust eftir fyrirskipun beztu og vitrustu manna. Og efst á þessa staura voru fest einhverskonar ljósker, sem ég fávís maður kann ekki að lýsa.

Árangurinn af þessu verki varð sá, að ofurlitla skímu lagði yfir götuna, hér og þar, þó dimt væri á milli, sökum þess að ljóskerin voru of fá. En þetta var nú góð byrjun, og flestir bjuggust við, að þeim myndi fjölga. En það lítur út fyrir, að mennirnir hafi séð sig um hönd. Ég er reyndar ekki heimilisfastur á Sauðárkrók, en oft kom ég þangað í fyrra vetur og aldrei sá ég kveikt á þessum fáu ljóskerum, sem til voru, þó myrkrið væri svo svart, að maður vissi ekki fyrri til, en einhver sveitamaðurinn pjakkaði broddstafnum sínum niður í fæturna á manni eða rak nefið beint framan í mann, eins og það er líka notalegt um háveturinn. Nú — sé það kvenmaður, sem mætir manni, þá er það síst betra.

Það þykir máske ótrúlegt, en satt er það samt, því ég hefi veitt því sérstaka athygli til margra ára, að fjöldinn af því kvenfólki, sem gengur á hinum svo nefnda íslenzka búningi, hefir framúrskarandi tilhneigingu til þess að næla títuprjónunum þannig í húfurnar, að oddarnir standi út í hverja áttina, líkast því sem þar bæru einhverskonar þyrnikórónu. Og svo þegar það bætist ofan á, samkvæmt nýjustu venju að hafa fjölda af brjóstnælum og slifsisprjónum framan á sér, þá er ekki laust við, að hrollur fari um mann við þá tilhugsun, að allur þessi prjóna- og nála fjöldi stingist þá og þegar á kaf í andlitið á manni, því nærri má geta, hvað slíkt er notalegt, ekki síst ef maður er allur útsteyptur í skeggbólum eða einhverjum bólum, eins og sumir voru í fyrra vetur.

Og á þessu getur maður þó altaf átt von, þar sem kvenfólkið streymir eftir götunum í stórhópum bæði nótt og dag.

Ég ætla ekki að fara óvirðingarorðum um neinn — það er ekki kristilegt að líkja manneskjunum við dýrin. En það er alveg satt, svei mér þá, ég heyrði mann segja það hérna um daginn, að kvenfólkið væri orðið að broddgöltum, — nei, eins og broddgeltir held ég hann hafi sagt. — En svo ég snúi mér að málefninu, þá skil ég ekkert í því, að ekki skuli vera kveikt á götuljóskerunum. Ég er búinn að vaka marga nótt og hugsa um þetta, og þann mikla voða, sem af þessu getur leitt.

Ég varð glaðari en frá verði sagt í haust, þegar ég sá eitt kvöld að búið var að kveikja á ljóskerunum, en gleði mín stóð ekki lengi, því skömmum tíma síðar sagði sannorður maður mér, að ekki ætti að upplýsa bæjargöturnar í vetur.

Mér dettur stundum í hug, að mönnunum hafi fundist þeir vera farnir að taka fram fyrir hendurnar á forsjóninni, en alt slíkt hefnir sín. Stundum dettur mér í hug, að bæjarbúum sjálfum hafi þótt þessi götuupplýsing skerðing á sínu persónulega frelsi og réttindum, til þess að ganga eftir götunum í myrkri og njóta næturinnar. Máske þeim hafi fundist, að verið væri að þrengja þessum götuljósum upp á sig, eins og bannlögunum upp á þjóðina?

Málefnið er alvarlegt, ekki síst fyrir æskulýðinn. Og óskandi væri, að allir góðir menn og konur legðust á eitt með það að ganga í ljósi en ekki í myrkri, framvegis, bæði á Sauðárkróksgötum og annarsstaðar. Ég segi: Meira ljós! Og vona ég að þið segið það með mér.

Ritað af andvaka manni
í dægrenning.

# Sannarlegt alvöruorð.

„Það eru nú liðnar meir en 8 aldir, síðan að Klængur biskup Þorsteinsson í Skálholti gekk til feðra sinna. Vildi ég hér koma að fáum orðum, sem sögð voru á Alþingi, þegar tilrætt varð um kosning eftir mann hans. Höfðu margir álit á Þorláki Þórhallssyni, er verið hafði ábóti í klaustrinu í Þykkvabæ í Veri. Sjálfr lagði hann lítt til mála. Var þá Þorkell Geirason, merkur maður, vildarvin Þorláks ábóta, spurður, hversu honum gætist að Þorláki. Svarið var þetta: „Meir kostgæfir Þorlákur að gera alt sem bezt, en að mæla sem flest." Þótti vitnisburðurinn góður. Þorlákur var til biskups kjörinn, og var hann eftir dauða sinn, tekinn í heilagra manna tölu, og hefir með réttu verið nefndur postuli Íslands. — —

Væri nú hreinskilinn samdarmaður beðinn að gefa vitnisburð einhverjum þeirra, er mest ber á í þjóðfélagi voru nú um þessar mundir, gæti ég hugsað ~~að~~ svarið yrði, hrærnislaust sagt, á þessa leið: „Meir kostgæfir hann að tala sem flest, en að gera alt sem bezt." Ætti ekki illa við að gefa vitnisburðinn þenna einum og öðrum orðabelgnum og skrafskjóðunni, er mest og hæst láta liðurinn gjalla nú með þjóð vorri. — En því fer líka betur, að sumir ~~margir~~ munu þeir eiga vitnisburðinn með réttu, þann er Þorkell Geirason gaf Þorláki biskupsefni, þjóðmálamenn vorir og þingskörungar. —

Hér erum við á Ungmennafélagsfundi. Vitnisburði æðið ósamhljóða hefi ég heyrt gefna Ungmennafélögunum íslenzku. Er ekki því að leyna, að sumir hafa þeir verið á þá leið, að félögin þeyti lúðurinn hátt og mikilmannlega, lofuðu fögru og léku á strengi hégómaskapar og skemtanafýsnar, en skeyttu minna því eina nauðsynlega; þó á þappúmum staði, ~~að~~ grundvöllur alls félagsskaparins væri kristilegur. Með athygli hefi ég hlýtt á þessar raddir, og þær eru nauðsynlegar, til þess að halda félögunum við efnið. Æskunni hægra „að freistast, en sigra þungt"; hætti við, að láta hjartað ráða meira en höfuð~~ið~~. Er stundum gott, en þó varasamt. — Félögin hafa lofað miklu. Stefnuskráin er fögur og markmiðið háleitt. En fögur stefnuskrá og háleitt takmark krefjast líka ósérplægninnar starfsemi á virkilega kristilegum grundvelli. —

Og beini nú hver spurningunni að sjálfum sér: Hvort kostgæfi ég meir, að gera alt sem bezt, en að mæla sem flest? Gefur alvarlegt tilefni til nákvæmrar sjálfsprófunar. Félögin leysast í sundur, ef innileg taug heldur þeim ekki ~~félög~~ saman. Blásandi byr þurfa þau að fá undir sína ungu og stóru vængi; þau þurfa að reyna þá í erfiði lífsins og áhættum. Þessvegna þurfum við byrinn að fá, og hann er innilegur áhugi á því að kostgæfa að gera alt sem bezt fyrir sjálfa sig, land sitt og þjóð, guði til dýrðar, og föðurlandinu til heilla og sjálfum okkur til sannarlegrar uppbyggingar. —

Altaf að hafa eitthvað gott og nytsamt í huga~~num~~ og með höndum; það hefir löngum verið öruggasta ráðið gegn ómenskunni, spillingunni og rotnuninni. Og við skulum öll hafa það hugfast, og byrja strax, ef ekki er áður af stað farið. Við eldumst öll, því tíminn líður. Áður en varir, fara þau að grána höfuðhárin okkar og lífsreynslan að grafa rúnir á andlit vor. „Lífið streymir burt, eins og vatn úr brotnu keri."

Flest brunum vér úr í vasa og barmi; þar slær lífæð tímans. Hjartslættinum í okkar eigin barmi heyrum við líka. ~~Alt~~ líður.

Alt hringir það „manni grafar til". Eftir lifir minning okkar í heimi þessum. Og hún fer eftir því, hve~~rsu~~ vel vit höfum kostgæft, at vinna verk okkar.

Þorlákur Þórhallsson varð flestra eða allra íslenzkra manna beztur og mestur. Og það var fyrir það, að hann „kostgæfði jafnan meir, að gera alt sem bezt, en að tala sem flest."

Ef við reynum að gera það sama, verðum við kjörin í hóp samdarmannanna og minningin um okkur verður fögur fyrirmynd. Forfeðrum vorum var það aðal keppikeflið, að lifa sem lengst lofi krýndir í hugum og hjörtum eftirkomendanna.

Ungmennafélögin verða að höndla hnoss dýrmætrar starfsfrægðar, en til þess verða þau „at vinna erfiði."

En geri þau það, þá hrína aldrei á þeim hrakspár bölsýnna manna.

„Sinna verka nýtr seggja hverr,
sæll es sás gótt gjörir."

Brynleifur Tobiasson.[1]

Brynleifur 8/10

# Hugleiðingar í kyrþei

Úti á bersvæði, þar sem vindarnir leika ýmist hægt og þýtt, tarsína og kraftlitlir, eða í æðandi jötunmóði; stendur lítil eik hrakin og hrjáð af éljaþrungnum stormum, er tóku hana ómjúkum tökum. Það bar við, að hún liti með örvæntingar augum á framtíð sína; kvíði óblíðu náttúrunnar, þar sem hún var svo ung og kraftlítil. Hún fann hvað ólgandi æskublóðið svall í æðum hennar; henni fanst hún vera fædd til að vera höfuð annara hjá, ekki sem drotnari heldur sem verndari. Hún hafði oft beðið um sól og sumar, er ylljaði henni og frjósamara tíma er færði henni blöð og greinar, og gerði hana færa um að breiða út ást og hlýleik, vera skjól og verndari annara hjá. En bænir hennar og vonir dóu unnvörpum án þess að ná uppfyllingu. Það var eitthvað svo undarlegt; hún var ekki skilin, hvorki af umheiminum né af hennar eigin blöðum og greinum.

Er ekki eitthvað svipað ástand eikinnar og félagsins okkar. Geislar sólu og hamingju hafa sjaldan náð til að bregða yfir það skýni sínu. Þess lífsstefna vonir og þráir er af fæstum skilið útávið og það sem verst er sumir meðlimirnir virðist ekki skilja og þekkja hver annan né sitt eigið félag.

En hvað knúði þá til að ganga inn í félagið verður manni að orði. Við nánari athugun kemst maður að, að það var ekki félags-hugsjónin er hafði komið mörgum inn í félagið, heldur ýmislegt annað sem ætti þá að geta runnið saman við félags-hugsjónina með tímanum ef lag væri á og meðlimirinn væri ekki gagnstæður henni, sem eg hygg að fáir séu. Þá menn brjóti á móti félaginu, þá dettur mér ekki í hug að halda að neinn gangi inn með þeirri hugsun að gera félaginu til skammar og skapraunar ekki heldur af forvitni eða hugsunalaust dregnir af öðrum. Þeir sem ganga ekki inn beinlínis sökum lífsstefnu félagsins nema þá gera það af því að þeir finna hjá sér þrá eftir samúð og vinarþeli, að félagið dragi úr ástríðu löngun þeirra og styðji þá fyrir falli freistinganna. Þeir vildu líklega segja að vér séum ~~[illegible]~~ nú öll breisk og ástríðum

háð og er það að vísu, en þó misjafnlega og ætti því hver og einn að finna sér skyldt að styðja hver annann eftir því sem kraftarnir leyfðu; en til þess þurfa meðlimirnir að þekkja og skilja hver annann svo þeir viti hvað við hver einn á og þeir farist ekki hjá. Mikið er nú talað um hina stórbrotlegu menn félagsins, minna um þá smábrotlegu er litlu minni minkun gera félaginu. Hver getur sagt um (utan sá eini) hvað hver og einn er brotlegur, hvað ~~hans~~ ástríða hans er sterk og hvað hann reynir mikið að stríða á móti henni, hver veit um tildrögin, og hver veit ~~um~~ eða getur sett sig inní lífskjör hans og lífsskilyrði frá barnæsku; enginn nema Guð. Hver getur sagt um nema hinir stórbrotlegu bindindismenn hafi ~~[illegible]~~ við mikið að stríða og hafi beðið heitt og innilega um styrk til að standast freistinguna; því þó þeir hætti ekki þá finna þó flestir ódrukknir til tómleikans synd gegn sjálfum sér og Guði og allskyns óblessun er vínið hafi í för með sér. Þeir þarfnast stuðnings er létti undir byrðarnar og styddi þá til réttra vegar. Væri ónáttúrlegt þá einstaklingarnir vænti þessa stuðnings frá ~~fél~~ stefnu hreinum félags systkinum.

Félagið hefir líka sýnt að það vilji styðja þurfandi einstaklinga. En svo klaufaleg getur sú stuðnings-aðferð verið að hún geri manninn ófæran til að standast ástríðuna; tilfinningarlausann fyrir sjálfum sér og öðrum. Hver skyldi trúa að stuðnings nefnd brota-manna væri þau börn að nota þá aðferð til að styðja aðra er þeir hafa gert. Það er miklu fremur til þess að þeir fráfælist félagið, meti það einkis eða jafnvel fái óbeit á félagsskapnum og þeim svo kallaða bróðurhug sem als ekki gerir neitt til að breiða stefnu þeirra af því þeir finna ekki í því kristilegt kærleiksþel eða hlýleik sem er svo ósegjanlega sigursælt ef kærleikurinn er eindreginn. Það þarf öngum að detta í hug að hinar stífu eða lítt sveigjanlegu hugrenningar drykkjumannsins gljúpni og verði hæfari til að standast ástríðuna við kaldalegt orð og áminningar með bræðranna sem hann vænaði als hins besta frá.

Finnið ekki mótgerðina í að breiða út bresti annara lýsa yfir hvar og hvernig þeir hafa framið brotið hvernig

hvernig þeir hafa tekið sig út í drykkjuvímunni gert sjálfum sér og öðrum til skammar.
Það er ekki ósvikalegt þó viðtakendum finnist svona áminning frekar lýsa kulda og ástleysi, en kærleika, og svo getur hugsunin verið veiklud að maðurinn missi trúna á sigur hins góða og sökkvi sér æ dýpra og ~~dý~~ dýpra niður í munað og spillingu.
Það er langt frá mér að halda með víninu og áhrifum þess, þvert á móti finn sárt til hversu margir verða fyrir áhrifum þess og hversu það fótumtreður alt það fínasta og besta er maðurinn á til seldur synd og spillingu.
En þess skaðlegra, sem það er, því meiri er þörfin að útrýma löngunninni frá mönnum. Með lægni, að þeir finni kærleika ~~það~~ skína í gegn um ~~að~~ áminningarnar. Breiða yfir ~~brest~~ ~~ina~~ yfirsjónirnar með þolinmæði og umburðarlyndi, brestina lagaðir með kristilegri hóværð og kærleiksríkum bendingum. Breyskur maðurinn hlýðir ~~??~~ þá að finna bróður hugann og hluttekninguna og langt er hann leiddur ef það gefur honum ekki kraft til að hefjast hærra og biðja almáttuga algóða skaparann um styrk og aðstoð til að standast freistingarnar. Þú mátt vera viss að þreytist þú ei að biðja og haldir þig fast við hann þá munt þú verða bænheyrður. Munt læra að beygja lotningu fyrir öllu því sem hreint er gott og göfugt, gleðjast yfir því dygð og sannleiki bera sigur úr býtum yfir spillingu og skaðræði.
Í djúpi hverrar ungæðis, eru fólgin þau fræ er geta gert þau að góðum og göfugum mönnum; en að þeim fræum verður að hlúa og vernda fyrir öllum illum áhrifum, svo ekki leyni hinir fegurstu eiginleikar mannssálarinnar. Hinar göfugu tilfinningar mannsins krefjast bergmáls ef þær eiga að þroskast; einnig verður hann sjálfur að forðast að standa gegn öllu því, sem gagnstætt er Guðs boðum og óspiltum tilfinningum hjartans fyrir réttu og röngu, hvort sem það mætir þér hið innra eða hið ytra frá heiminum.
Temjum oss með Guðs hjálp að gera það aldrei vísvitandi er vér vitum að Guð vill ekki og samviska vor mælir á móti. –

(Kona)

# Árgeislinn

12 blað 10 Desember 1911 4. árg.

## Ritnefnd

Sigurður Sveinsson Jóhannes Hallgrímsson Guðrún Sigurjóns

## Eg get það ekki:

Einhver störsti [illegible] fyrir öllum framförum er vantraust manna á sjálfum sér og framkvæmdarleysið, og fá orðtök heyrast oftar en þetta – „Eg get það ekki".
Frá því að börnin fyrst fara að tala er þetta jafnan viðkvæðið, þegar þeim finnst eitthvað erfitt eða þau ekki vilja gera þetta og þetta sem þeim er sagt að gera
Þetta helst við þeirra æfina, altaf hljómar þetta orðtakið Eg get það ekki.
Hvort sem það er af erviðleikum sem yfir þarf að stíga eða það er vilja og framkvæmdarleysi
Þegar börnin fara að læra þá geta þau það ekki. Vinnufólkið sem hefir vistaskipti og á að fara að breyta um siði getur það ekki.
Húsbændurnir sem eiga að sjá um heimilið og margt fleira og þurfa oft að halda á stillingu geta það ekki
Framfara mennirnir sjálfir sem ofi hafa byrjað á nytsömum fyrirtækjum en hafa ekki komið þeim áleiðis geta það ekki
Fátæklingarnir sem eru að vinna að þvi að þrífast ofan af fyrir sér

í basli og baráttunni geta það ekki
Ríkismennirnir sem aldrei þurfa vona til
hjer á jörðunni og oft verða að fara á mis
undanfarna sinna geta það ekki
Embættismennirnir sem eiga að sjá um að
landslögunum sje hlýtt og hver nái rjetti
sínum geta það ekki
Prestarnir sem eiga að fræða
þá ungu og leiða þá á þann veg sem
þeir eiga að ganga á á lífsbrautinni geta
það ekki.

Já það er margt og mikið
sem menn geta ekki, en það er viljaleysi
og frekleysið hálfu meira
Það er gamall málsháttur að hálfnað sje
verk þá hafið sje. Og sá maður sem
vill eitthvað verulegt og þreytir að leitast
við að framkvæma það er heldur ekki
hvað lítið sem á móti blæs. Hann kemst áfram
áfram. Og þótt hann í fyrstu hafi farið
eitthvað óhyggilega að ráði sínu eða óhöpp
hafi komið fyrir þá lærir hann af reynslunni
af reynsli aftur. Hver er sinnar lukku smiður
segir máltækið. og dugnaðarmennirnir
þeir viðurkenna ekki að þetta orðtak og
get það ekki eigi nokkurstaðar við þar
sem skynsamlega er að farið.
Að vilja og reyna eru fyrstu skilyrðin
fyrir allri framför.

Frá því að barnið fyrst fer að tala
eða og bera fæturnar og það fram til elliáranna
getur hverjum manni farið fram í mörgu
ef hann aðeins vill reyna hlutina sjálfur og
jafnframt nota sjer reynslu annara —

Hver ný kynslóð stendur
betur að vígi en sú sem á undan er gengin
því hver kynslóðin hefur bæði sína eigin reynslu
og feðra sinna til að byggja á í mörgum
greinum og geta því forðast það sker
sem forfeðurnir hafa beðið skipbrot á
Menn vantar viljann til þess að stjórna
skapi sínu og til þess að sjá það sem

best er á þeirri annara og taka það eftir
Menn vantar viljann til þess að gleyma litlum
og dæma vægilega. ~~Vantar~~ viljann til þess að
láta ekki neitt smámunalegt vera sjer sundur-
-komandi að því leyti sem hægt væri að
vinna gagn eða bæta úr bágindum annara
það vantar viljann til þess að vinna
samhuga með öðrum án þess að metast
á um virðingar og metorð.
En svo er það líka stundum að
þótt viljann vanti ekki þá er ekki
frekið eða staðfestan til framkvæmdar
Ekki þarf stundum annað til
þess að drepa niður góð og heillavænleg
fyrirtæki en háð og hlátur heimskingjana
sem lítið vit hafa á slíkum hlutum
Menn verða því hjartveikir og hræddir
um virðinguna. Áhugann og traustið
á fyrirtækið og sjálfan sig vantar.
Mörg heillavænleg fyrirtæki hafa
átt örðugt uppdráttar fyrir þá sök
að þeir sem því hafa verið hlyntir
hafa látið álit og heimsku fjöldans
binda svo hug og hendur að þeir
gátu ekki verið með því
Þvíátt hefur oft brugðið í hætti
af því að nýmyndanir og góðverkir hafa
ekki þorað að koma við sína fyrri
vini hafi þeir að einhverju leiti ekki
verið að skapi almennings eða leiðtoga-
-liðsins
Konu ungmennafjelagar hefur
það líka ekki stundum komið fyrir
hjá okkur að sama hugmyndin hefur
oft verið hent á lofti og hafin til skýjanna
þegar hún kom frá þeim manni sem
að einhverju leiti þótti standa framar
öðrum þótt hugmyndin hefði áður
einmitt gamna verið [illegible], hafi
einhver sá komið með hana sem
minna kvað að. Menn hafa ekki
getað þess virðingu sinni [illegible] með

með því að mæla með því máli
sem ekki var áður viðurkennt af þeim
sem vanir voru að hafa völdin
Það er eins og mörgum finnist
viðsjón sín og manna vera í svo
veikum umbúðum að það þoli ekki
minnsta sinni að það sje litið á það
(auk heldur talað um það
Það er siðferðislegt þrekleysi
og skefjuleysi fólksins sem oftast
veldur mestu um það að menn geta
ekki þetta eða hitt
(Mjöll)

# Skilda

Öll erum vjer börn ljóssins og
kjósum því fremur birtuna en myrkrið
þessvegna er veturinn okkar ekki jafn
kærkominn gestur eins og sumarið,
allra síst sá hluti vetrarins þegar nóttin
og myrkrið hafa algjörð yfirráð yfir dags-
ljósinu. Allt er breytilegt og ekkert
er það til í náttúrunni sem ekki er breyting
um undirorpið. Öflin verka hvert á
móti öðru og bera á víxl sigurinn úr býtum
Þannig er það með veturinn og
sumarið ljósið og myrkrið. Getum vjer
ráðið um árstíðirnar eða veðrið mundum
vjer efalaust kjósa stöðuga sumarblíðuna
jafnvel þó að dæmin hafi sýnt að eilíf
veðurblíða og [illegible] lífsþægindi
sjeu ekki sem hollust fyrir andlegar
og líkamlegar framfarir þjóðanna
Íbúar heitu landanna (til dæmis í
hita beltinu) þekkja ekki annað en sól
og sumar, sem vjer Íslands börn þekkjum
muninn (á Sumarblíðu og svartahríð.
Sá munur er mikill og mun einginn furða
á því þótt vjer tökjum sumarið framyfir
veturinn ef við annars eigum kost
á því
Þegar sumrinu hallar og haustið
nálgast er það ljósið og myrkrið sem heyja
stríð sín á milli. Smámsaman veitir
myrkrinu betur uns það að síðustu ber
algerðan sigur úr býtum.
Þá er það einungis lítill hluti af
sólarhringnum sem við fáum að njóta
dagsbirtunnar en sigur myrkursins varir
ekki lengi því aftur verður það að víkja
fyrir ljósinu. Þennan mesta myrkur-
tíma ársins nefnum vjer skammdegi;
og flestum þykir það leiðinlegasti
tími ársins
Hve allt er þá orðið breytt
við það sem var yfir sumarið. Norðan-
vindarnir þjóta hvæsandi yfir landið og
hylja það hvítri kuldablæju, og blómin
sem um sumarið hneigðu brosandi höfuðið
móti sólunni hnígja visin og dáin.
Fuglarnir sem skemmtu okkur með
unaðsríkum röddunum sínum þegar þeir
glaðir og ánægðir sungu sumarljóðin
sín þeir eru hnípnir og hættir að syngja
og margir af þeim farnir frá okkur til
heitari landa þar sem þeim kuldans
vegna getur liðið vel yfir veturinn
Á haustin sjáum við þá hópa
sig saman í loftinu þá eru þeir að
búa sig undir brottferðina, og eftir að
hafa sungið skilnaðarljóðin sín halda
þeir af stað. Með tilfinningu blandaðri
hryggð og söknuði horfi jeg eftir bestu
vinum mínum af því jeg veit ekki hvort
jeg fæ nokkurn tíma að sjá þá aftur
– og væri jeg fuglinn frjáls flygi jeg með
Aðeins eru það fáir fuglarnir sem yfirgefa
okkur á haustin en hinum sem ekki er
gefið það eðli að breyta um lönd og lofts-
lag og flýja vetrarkuldann verður að vera
hjá okkur yfir veturinn þótt þeir hafi oft

við börð kjör að búa; af því þeir hafa ekki jafngóð skilyrði mönnunum til þess að verja sig fyrir öflunum og ákafanum náttúrunnar; og verða þeir ekki ósjaldan að þola hungur og kulda yfir harðasta árstímann.

Vjer vitum ekki hversu mikið fuglarnir verða að þola og vjer reynum heldur ekki til þess að vita það, því þó fastum oss er mannúðin í svo háu stigi að vjer leggjum hart að oss til þess að hjálpa þeim eins og vjer getum og oss ber að gera. Því vjer vitum að þeir standa að nokkru leiti undir vernd okkar (eða skepna jarðarinnar) mannanna.
Það verður hver að sjá um sig sjer (?) sem málefnið og sú hugsun nái og rætur í huga allra manna sem kallaðir eru heilbrigðir (?).

Ekki álít jeg þá að það sje máske eða nánasarháttum sem valda því hve fáir fleygja út korni eða salla hveiti til bjargar blessuðum fuglunum. Og ekki heldur að mönnum þyki of nízkulegt til tekið að skammta úr hnefa góðverkin heldur er ástæðan sú að enn er það ekki orðið nógu ljóst og fast í hugum manna að það er siðferðisleg og kristileg skylda hvers eins eftir megni að vernda dýrin og hjálpa þeim.

Vjer ungmennafjelagar sem höfum sett oss það mark og mið að styðja og efla allt það sem er gott og fagurt vjer skulum gæta vel skyldu okkar gagnvart blessuðum dýrunum sem svo oft verða að líða vegna okkar vegna þeirra yfirburða sem okkur er veittur fram yfir dýrin.

Jón Jónsson (Framhald síðar)

Dýraverndun

Eitt er það sem er mjög ábótavant hjá okkur Íslendingum það er hvað lítið hugsað er um verndun á dýrunum.
Það er þó sannarlega ekki vanþörf á því að það væri athugað (?) á því efni.
Það er hörmulegt að vita til þess hvernig sumir menn fara með þær skepnur sem undir þá eru gefnar. Það er eins og mönnunum líðist flest eða allt í þeim sökum, án þess að nokkuð sje um það talað auk þess heldur að þeim sje hegnt nokkuð fyrir það þótt þeir ætti það fullkomlega skilið.
Við eigum að vísu til lög sem leggja hegning við ef illa er farið með skepnurnar eða þeim misboðið.
En hvernig eru þeim lögum beitt? Eru þau notuð sem vernd gagnvart dýrunum? Því er ver og miður að það mun sjaldnast (?) vera heldur eru þau aðeins á pappírnum eins og svo mörg önnur lög og verða þess vegna að svo sára litlum notum miðað við það sem þau mættu vera ef þeim væri framfylgt.
Og það ekki til dæmis grátlegt að vita þegar sannanlega er gjörsamlega (?) meðferð á skepnunum, að slíkt skuli vera látið afskiptalaust. Í stað þess þá ættu allir góðir menn að stuðla til þess að slíkum glæpum (?) væri hegnt með refsivendi laganna.
Jeg get ekki ímyndað mjer það að vaninn við það að sjá skepnum misboðið sje orðinn svo rótgróinn í brjósti hvers þjóðar einstaklings að það sje ekki einhverjir sem vilja hefjast handa og reyna að reisa skorður við slíku athæfi. Það er meira en kominn tími til þess að slíkt væri gjört. Það er skylda hvers manns sem vill því nafni kallast að fara vel með blessaðar skepnurnar þær geta ekki kvartað þótt einhver harðstjórinn og miskunarleysinginn

kvelja þær. Jeg hef opt hugsað um það
hve mikil samviskubyrði það hlyti að
vera fyrir þá menn sem þannig breyta
þegar þeir t.d. á vetrinum láta hesta sína
standa úti hvernig sem viðrar þegar blessaðar
skepnurnar hafa flúið undan illviðri og
standa heim að húsveggjum eigandans
biðjandi líknar hjá þeim.
Hvernig hafa viðtökurnar opt verið? þegar
þeir hafa sent alla sína grimmu hunda
á hæla þeim til þess að drífa þá í
burtu aptur. Þótt það jafnvel opt gangi að
lofa þeim að [illegible] skjálfandi. Hvað þá að
þeim komi til hugar að hýsa og gefa
þeim fóður. Ekki þessum sömu mönnum
þætti það ekki hart og ómannlegt ef t.d.
þeir væru þjónar annara og húsbónd-
þeirra breitti líkt við þá. En það hugsa
þeir ekki, heldur þeim er sjálfum nóg
ef þeir hafa gott húsaskjól en gagnvart
skepnunum alveg tilfinningalausir og um
leið blindir fyrir öllu góðu og mannlegu
Það er þeirra eigin hagur sem er
þeim fyrir öllu þaðer meira að segja
til svo langt leiddir að það eru til
menn sem ekki hugsa um það að hafa
hús yfir hesta sína þótt þeir hafi nóg efni
því ófyrirgefanlegra er það.
Skilda [illegible] ekki [illegible] eins og þetta var
þung ábyrgð sem á þeim hvílir! Mjer blandast
ekki hugur um að svo gæ[ti] ef það væri
mögulegt að brjóta hjartað í þeim mönnum
gagnvart betri meðferð á skepnunum þá ættu
þeir flestir að stuðla að því. Það er skilda
já meira að segja sannheilög skilda sem enginn
mætti láta undir höfuð leggjast þeim nokkuð
hugsa í þá átt að bæta meðferð á dýrunum
Annað atriði er það sem jeg vildi láta
[illegible] minnast á. Jeg hef opt heyrt í tal
manna þegar þeir hafa verið að [illegible]
um það hvað þessi og þessi hestur væri
góður og duglegur. Til sönnunar máli sínu

hafa þeir verið að segja frá því hvað
langan veg þeir hafi farið á svo stuttum
tíma opt er það eflaust dálítið ýkt sem
þeir segja en því ekki ætíð.
Opt það hefur verið ótrúlega langur vegur sem
farinn hefur verið þá hefur opt verið sagt að
það hafi verið vel gjört. Menn hafa undrast
yfir þessu afreksverki sem þeim hafi framkvæmt
En það hefur sjaldnar verið talað um það að
hestinum hafi verið ofboðið það hefur ekki
þótt þess vert. Svona er nú hugsunarhátturinn
hjá mönnum lofa það sem lastvert er og
jafnvel hegningarvert. Þetta þarf að breytast
eins og svo margt annað sem aflaga fer.
Ungmennafjelögin ætti að ganga á undan í þessu
efni það væri fagurt markmið þau hafa víða
hvar svo góðum kröptum til að beita og jeg
efast ekki um að ef þau tækju málið að sjer
þá mundi því eflaust vera borgið. Þau ættu
að glæða velvildartilfinningu til dýranna
fyrst innanfjelags svo út á við.
Til þess að koma þessu í framkvæmd verða
þau að hafa vakandi áhuga á málefninu. Starfa
með lífi og sál. umfram allt að láta ekki
þessa hugsjón vaxast upp og deyfast og framkv-
æmdarleysi. Þau verða að hafa það hugfast
að það er ekki nóg að kjósa nefnd í þessu
máli sem starfar svo ekkert eins og komið
hefur fyrir áður. Nei það verða að vera áhuga-
-samir menn sem að þessu vinna með
lifandi og vakandi starfskröptum sem ekkert
hlífast við hverjir sem hlut eiga að máli.
Um þetta atriði mætti rita langt mál en
rúmið er svo takmarkað í þessu litla blaði.
það hefur svo margt um að rita. Þessvegna
vil jeg binda enda á mitt mál í þetta sinn
en með þeirri ósk og von að eitthvað verði gjört
þessu viðvíkjandi. Það ætti að vera ánægjulegt
fyrir hvern og einn að vita til þess að hafa
skrifað eitthvað í þessa átt. Vita til þess
að hafa lagt sinn skerf fram til þess að koma
fram sem göfugri meðferð á dýrunum það er mitt síðasta orð nú
Þóri Þórisson

# Árgeislinn

13. blað. 23. Desember 1911. 4. árg.

Ritnefnd

Ólafur Heiðdal, Þórey Ólafsdóttir og Jón Daníelsson

Árgeislarnir hafa orðið.

Jeg er fæddur og uppalinn hjer á Sauðárkrók árið 1906, og eins og þjer vitið var jeg þá eins og hvert annað barn lítill og ómálga en jeg átti mjer góða fóstra og fóstrur, sem fljótlega komu undir mig fótum og þó jeg sje ekki eldri að áratali, eins og yður er kunnugt, minnir kom stofnendurnir og fjelagsmeðlimirnir — því jeg leyfi mjer að kalla yður meðlimi mína þó jeg hafi ekki borgað inngangseyri nje árstillög — þá var jeg bráðþroska og er nú í þessi ár búinn að segja svo margt, á samkomum vorum að tæplega munu aðrir meðlimir hafa sagt fleyra. Stefna mín er: Að berjast fyrir öllum bestu málefnum fjelagsmeðlima, veita þeim fylgi mitt og þó jeg segi sjálfur frá hef jeg oft og einatt bent í þá áttina, sem betur má fara, en að hinu leitinu hef jeg einstöku sinnum flutt það sem óþarft mætti kalla og kemur slíkt oft fyrir hjá óráðnum unglingum, og vona jeg að þjer takið ekki hart á mjer fyrir þær sakir. En jeg verð að segja yður frá því að jeg hef komist í nána kynni við hann nafna minn, sem jeg var látinn heita eftir, hann hefir lýst mjer, og vermt mig og alla hluti vel til mín gjört og er það fljótt að segja að jeg lifði ekki á þennan dag og ekkert af okkur ef vjer nytum ekki hans lýsandi og vermandi geisla, hann er um flesta hluti fróður og er það að vonum þar, sem hann er jafngamall eða eldri en jörðin, sem vjer búum á, jeg vil því leyfa mjer að gjöra yður hann kunnan þannig að hann sjálfur tali til yðar nokkrum orðum.

Eins og yður er kunnugt, er jeg sonur sólar og bróðir jarðar, og hefir mitt starf verið frá alda öðli að lýsa og verma systir mína jörðina. Móðir mín sólin kendi mjer strax að elska systir mína og sagði að jeg ætti að upplýsa og verma hana, hún sagði mjer að systir mín ætti svo dæmalaust mörg börn sem vantaði bæði ljós og yl; þetta starf hef jeg ynt af höndum svo trúlega sem mjer er auðið og mun gjöra á meðan kraftarnir leyfa, enda hefir mjer verið það yndislegt því jeg hef fundið það að allt, sem lífsanda dregur og jafnvel dauða náttúran hefir á hverjum morgni tekið opnum örmum við mjer, blessandi og brosandi, fuglarnir taka á móti mjer með dýrðar og lofsöngum, blómin breiða út krónur sínar með gleðitár í augunum, hjarðirnar standa upp úr sínum náttstað og keppa upp í brekkurnar á móti mjer, börnin kasta af sjer fötunum til þess að njóta sem best geislabaðsins hoppa og skoppa og drekka mig í stórum teigum, fullorðna fólkið blessar komu mína og gengur með gleðibrá hvert til síns starfa, skáldin kveða mjer lofkvæði og segir í því eyni að benda á kvæðið: „Ó blessuð vertu sumarsól.“ Yður finst eftilvill í fljótu bragði að jeg og bræður mínir taka hjer til vor heiður sem vjer eigum ekki; en því er ekki svo varið því móðir mín sólin er kyr á sínum stað en sendir oss geisla sína út um víða veröld, en satt er það að frá henni höfum vjer allan vorn kraft. Eins og jeg hef áður sagt er mjer hið mesta yndi að verma yður og lýsa, þar sem jeg á alstaðar vinum að fagna og allir blessa komu mína; jeg gæti talið móður minni mjer og mínum bræðrum svo margt til gyldis að dagurinn entist ekki til þess, en þess gjörist ekki þörf. Mig langar til að spyrja yður að: Hvaðan jeg hef allan minn kraft? Þjer munuð svara frá sólinni móður þinni, en þá vil jeg aftur spyrja: Hvaðan fær sólin móðir mín sinn kraft, hver stýrir hennar göngu, hver stýrir göngu jarðarinnar og allra himintungla, sem þjer sjáið og ekki sjáið? Þið munuð svara: Guð hefir skapað sólina jörðina og öll himintungl, stýrir þeim og stjórnar.

Eru þá allir menn sammála um þetta? Nei munuð þjer segja, því einstöku menn munu jafnvel

halda pví fram at eingin Gut sje til, sköpunarverkit sem kallat sje hafi smátt og smátt myndast af sjálfu sjer og vitna til nú tíma vísinda sjer til stutnings.

Þeir hafa þá ekki athugat at Guð er eingin hlutur ómáttugur, og hefir frá fyrstu byrjun útbúið sköpunarverk sitt þeim kraft at pat starfaði sjálft at myndun sinni, undir hans alvísu stjórn. Þjer munut svara: at þessir menn styðji sig vit pat sem sjálf ritningin segir, at Gut hafi skapað heiminn á 6 dögum, en vísindin sanni hit gagnstæða og segi at jörðin hafi myndast á afarlöngu áraskeiði og sje en at myndast, því geti þetta 6 daga sköpunarverk ekki átt sjer stað.

Hafa þeir þá athugat pat sem stendur í sömu bók At einn dagur hjá Drotni er sem þúsund ár og þúsund ár sem einn dagur, og hafa þeir atgætt at allvíða í ritningunni er mikit af dæmisögum og líkinga máli sem allerfitt er at skilja, en þann skilning öðlast þeir ~~matur~~ sem lesa Gutsort iðuglega og biðja Gut met einlægum ~~bænum~~ at gefa sjer skilning.

Þjer segit at ýmsir menn nú á tímum, jafnvel gutfræðingar met vísindin sjer til atstoðar, neiti því at Gut sjálfur hafi íklæðst voru holdi og verit met oss hjer á jörðinni, eingin kraftaverk hafi átt sjer stað og maðurinn þessi sem sagðist vera Gutssonur og kendi at Gut væri bæði einn og þríeinn, hefði aðeins verit góður og framúrskarandi maður, þetta segit þjer at sje trúarskoðun allmargra nú á tímum. Fynnst yður þessi röksemdafærsla trúleg? Jeg vil aðeins met einni spurningu og svari benda yður á ósannindi í þessari kenningu. Hvernig gat þessi, sem ýmsir nú á tímum kenna at verit hafi góður og framúrskarandi maður; verit góður og framúrskarandi, þar sem hann segir sjálfur at hann sje gutssonur, sendur af föðurnum til þess at frelsa þá sem á hann trúi, og hann segir „Gut er einn og þríeinn". Og hver sem hefur sjet soninn hefir sjet föðurinn: Væri ef þetta og margt fleyra sem Jesús Kristur vitnar um sig og föðurinn er ósatt. Hvernig gat hann þá verit góður og framúrskarandi maður? Þarna koma fram stór ósannindi í nýju kenningunni og fer þar eitt eftir öðru því kenning þessi er byggð á mannlegri skynsemi sem engu vill trúa nema sjálfri sjer, sjefengin all

sem áður er skrifað, styður sig vit pat sem hún þykist geta þreifað á, vill gjöra sjálfa sig at guði, en ratar at síðustu í villumyrkur.

Ef þjer berit hlýjan hug til mín, sem jeg veit at þjer gjörit og blessit konu mína á morgnana þegar jeg kem til yðar. Hversu miklu fremur megið þjer lofa og vegsama skapara og viðhaldara vor allra þó hann sje yðar líkamlegu augum ósýnilegur.

Jeg get ekki beðit yður betri jólaósk en þá at þjer ættut, sem öll lofit og vegsamit Drottinn vorn og frelsara, sem íklæddist ~~vora~~ yðar holdi og kom til yðar sýnilega fyrir 1900 árum, biðjit hann at gefa yður löngun og vilja til þess at lesa og læra hans blessað orð, biðjit hann at gefa yður skilning til at skilja kenningu hans og festu til at halda hans boðorð; þreitist ekki, biðjit, pat er lykill at náðinni, bænin kemur yður í náið samband vit Frelsarann.

Þá munu augu yðar opnast, þjer munut sjá at þeir sem trúa á sína eigin skynsemi og vísindi einverðungu eru í voða staddir. Ef þjer komist í náið samband vit Frelsara yðar mun hann leita yðar í ljós sannleikans, hann mun helga yður og þjer munut ekki biðja Föður yðar annars en þess í Frelsarans nafni, sem hann mun yður veita.

Þr. Argeislarnir,
Jón Daníelsson

„Sá er vinur sem í raun reynist"

Þat felst mikill sannleikur í þessum málshætti, eins og flestum hinum gömlu málsháttum vorum og margt má af honum læra ef vjer íhugum hann vel. Þat eru sannarlega ekki alt tryggir vinir vorir sem í fljótu bragði virðast vera pat. Á meðan alt leikur í lyndi og gæfan brosir vit manninum og ekki síst ef hann er auðugur og „berst mikit á", sem svo er kallað, þá á hann ótal vini, sem flykkjast utanum hann og hver um sig þykist vera honum mjög tryggur og vilja gjöra honum alt til geðs, því at þeir vita at geri þeir honum eitthvat til þægðar, þá endurgeldur hann þeim pat fullkomlega aftur, sökum þess at hann er ríkur og á hægt met at veita sjer alt, sem hann vill.

Vinirnir stæra sig svo ósþart af því at vera í vinfengi vit þennan auðuga og skemtilega mann, sem gefur þeim gjafir og heldur þeim veislur, en engum þeirra dettur í hug at hann eyði meiru heldur en efni hans leyfa til skemtana handa sjer og þeim. En ef hann svo alt í einu og öllum vinunum at óvörum verður skyndilega öreigi; þá finst þeim ekki ómaksins vert at ganga heim til hans og tala til hans fáein vingjarnleg hughreystingarorð, sem gætu tog ljett undir hina þungu byrði, sem alt í einu legst á herðar hins glaðlinda og gjálífa veraldarmanns. Nei! þeir láta það ógjört og ef þeir mæta honum látast þeir varla sjá hann; þeir vilja ekki vera í vináttu vit mann, sem er skuldum vafinn og getur ekki látið neitt af hendi rakna vit þá. Þetta eru þeir sem ateins bera vinarnafnit og af þeim hefir hver maður fleiri eða færri, eftir því hvernig skaplyndi hans er.
Nokkrir verða eftir hjá honum, hugga hann og hughreysta eftir megni, og láta eins og vind um eyrun þjóta það sem heimurinn segir um hann, eða þá og þetta eru oft og tíðum einmitt þeir sem hann hefir gefið sig minst að og minst kært sig um, þeir reynast honum nú best í vandræðum hans og hjálpa honum með ráðum og dáð. Þetta eru hinir sönnu vinir sem hverjum manni er nauðsynlegt at eiga. Og með guðs-hjálp og með atstoð þessara góðu vina sinna kemst hann svo ef til vill fram úr bágindum sínum, og hamingjan brosir nú aftur vit honum og þá veit hann hverjir eru vinir hans og hverjir ekki af hinum gömlu kunningjum sínum og hverjum hann má trúa og ekki trúa, og sannast þat hjer sem oftar at reynslan er besti kennarinn
Þannig er því einnig varit með ýms fjelög at á meðan þau standa í blóma sínum þá eru ótal meðlimir í þeim, en komi svo eitthvert ófyrirsjáanlegt slys fyrir og fjelagit á mjög erfitt uppdráttar um stund at minsta kosti og liggur ef til vill vit at þat leysist alveg í sundur. Þá er vitbúit at margir meðlimir gangi undireins úr því og láti fáeina menn berjast fyrir tilveru þess, því at þeir vilja ekki vera meðlimir í því fjelagi, sem þá og þegar má búast vit at detti úr sögunni, þeir segja þá vit sjálfa sig, þat er betra at ganga í eitthvert annat, sem fastar stendur á fótunum þá stundina. En þegar svo elja og atorka þeirra manna sem eftir voru í fjelaginu hefur reist þat vit aftur og hafa barist fyrir framförum, svo þat er nú risit upp með jafnmiklu afli og áður þá koma hinir sömu menn í þat aftur, sem gengu úr því þegar þeir áttu at sýna at þeir voru sannir meðlimir þess og telja sig þá altaf hafa verit fjelagsskapnum mjög hlyntir þó þeir af ýmsum ástæðum ekki hefðu getað fylgt með þegar fjelagsskapurinn lá vit dauðanum.
Nú sjá þeir eftir at hafa nokkurn tíma gengit úr því fyrst að svona fór og til at bæta fyrir þessa slysni sína flýta þeir sjer at ganga í þat aftur, til þess at geta notit þar skemtana og ýmisra hlunninda, sem fjelagit veitir meðlimum sínum.
Slíkt skulum vjer með engu móti gjöra at breyta eins og þessir fallvöltu vinir, sem áður hefir verit bent á, heldur at vera sannir vinir vina sinna, ekki síður þegar þeir eiga eitthvat bágt og þurfa hjálpar vit, heldur en þegar þeim líður vel og hafa allsnægtir. Vjer skulum einnig vera sannir meðlimir í hverju því fjelagi sem vjer göngum í og sýna þat best þegar þat þarf mest á atstoð okkar at halda.

Þórey Ólafsdóttir

## „Um vínið"

Þat hefir verit lítit skrifat um vínit í blaðinu í vetur. Og því at Ungmennafjelagar, hafa stofnat fjelagsskap sinn með bindindi, þá ætla jeg at senda þessa grein
Eg var staddur út í búð hjer um daginn, þar kom maður inn í búðina sem ég þekti, hann hvíslaði einhverju at búðarmanninum, sem jeg komst at á eftir hvat vera mundi, eg heyrði at búðarmaðurinn sagði já; síðan tekur maðurinn upp peningabuddu sína, hann hvolfdi úr henni á búðarborðit öllu, sem í henni var þat var á at giska 1,10 aurar, síðan fær hann búðarmanninum hálfsannarspelaflösku og hann ljet á hana brennivín, svo tekur maðurinn vit henni stingur niður í vasa sinn og labbar út. Eg horfði á eftir honum þegar hann fór út með flöskuna í vasanum, þat var nautum því hlægilegt, en fyrir þat at jeg þekti ástæður þessa fallna vinar míns vel þá gat jeg miklu fremur of grátit at sjá til hans en hlegit. Hann var fallinn fyrir vínguðinum, sem yfirbugaði hann, hann tók sinn síðasta pening til þess at kaupa brennivín, en var sjálfur fátæklega búinn og þaðan af fátæklegra heima fyrir, hann á fimm börn og konu, sem eru klæðlítil og hafa knapt viðurværi, en þat sárasta er at maðurinn skapar sjer þetta

sjálfur. Það er sárt að vita til þess að menn eiði kröftum sínum fyrir vín og fer svo fyrir mörgum drykkjumanni að eftir að hann er búinn að taka inn nokkuð af þessum illkynjuðu meðölum, þá dofnar innri tilfinning hans, en blóðið æðir um stundarsakir, hann fellur í einskonar dvala, þegar hann vaknar við þá eru allar finar taugar slappar og hann er eins og utanvið sig hann veit ekki hvað hann á að sjer að gjöra, seinast kemst hann að þeirri niðurstöðu að hann lofar innvitund sinni að drekka ekki framar, en sjálfsafneitunin er oft og tíðum ekki nægilega sterk, svo að við næsta tækifæri sem fellur, fellur hann fyrir víninu, þá er hann kominn í sama hörmulega ástandið sem áður, nú sjer hann að hann hefir brotið loforð sitt bæði við guð og sjálfan sig, hann hefir eyðilagt æru sína og heiður, hann hefir eyðilagt tíman og eytt sínum síðustu peningum, hefði honum ekki verið betra að kaupa eitthvað þarflegt handa börnum sínum?

Eg hef reynt að telja um fyrir þessum föllnu bræðum en það hefir orðið árangurslaust, af því að vínið hefir orðið yfirsterkara, það er búið að ná þeim tökum, sem sleppa honum trauðast, því miður er þetta ekki eins dæmi, við sjáum oft dæmin daglega mjög svipuð þessu.

Eg hef bent á þetta dæmi í þeim tilgangi að menn láti sjer slík dæmi að varnaði verða, og að endingu óska jeg öllum ungmennafjelögum gleðilegra jóla.

Kjartan

# Árgeislinn.

1 blað Janúar 1912

Ritnefnd Jóhannes Pálsson Páll Jónsson Guðlaug Friðriksdóttir

## Árgeislinn.

Gamla árið er nú liðið, og nú getum við séð starf okkar á hinu liðna ári. Nú erum við búin að ljúka við að rita einn árgang enn af blaðinu okkar Árgeislanum, og nú vill það halda áfram og byrja á fimta árganginum. Ef við nú lítum yfir það og athugum starf það er við höfum tekið okkur á hendur að rita þetta blað innbirðis í fjelaginu þá getum við ekki annað sjeð en að okkur hafi tekist heldur vel.
En það er auðvitað að það er þeim einum að þakka, sem hafa haft vilja og hugsun á að rita eitthvað í blaðið. En þó hefir mjer fundist nokkuð það koma fram í þessu blaði okkar, eða þessa árganga sem það hefir starfað, sem helst hefði ekki átt að vera, að því leiti hvað efnið snertir. Það er mín skoðun að Árgeislinn blaðið okkar ungmennafjelagsins, sneiði algjörlega hjá því efni (snertir) sem annars ætti að vera meðfram, og það er grundvallaratriði það er fjelagið er byggt á. Því að það vitum við öll að fjelagið okkar á að vera byggt á kristilegum grundvelli og þeir einir geta verið fjelagsmenn sem byggja trú sína á þessum sanna og rétta grundvelli; en það vill svo verða fundum hjá okkur, að við tölum lítið um þess háttar mál. Þess vegna væri það æskilegt, að við rituðum við og við í blaðið, þótt ekki væri langt í hvert skifti og hefðum þær greinar undir nafninu „grundvöllurinn sanni“ eða „hinn kristilegi grundvöllur“. Því það ætti að vera einkunnar orð fjelagsins, sem fjelagið okkar byggðist á. Því jeg er viss um það, að ef við heyrðum Árgeislann í byrjun hvers fundar minna okkur á þenna grundvallaratriði gæti og eftir breitanlega þá mundum við um leið elska okkar fjelag, og finna þá fyrir hverju við höfum barist. En eitt veit jeg að margir mundu ekki vilja hlusta þvílíkar greinar fyrst í stað, en það eru þeir einir, sem ekki skilja stefnu fjelagsins, og eru ekki rjettir meðlimir þess. Mjer finst að Árgeislinn okkar ætti að benda okkur á alt það sem gott og göfugt er og að hann gæti gefið okkur margar góðar upplýsingar, svo að hver sem minni máttar er, mættum

stirkjast á þeim hálu brautum grundvallarins, og einnig að hann lísti okkur svo að geislar hans nadu inst að okkar hjartans rótum svo að vjer hefðum altaf bjartann grundvöllinn undir fótum okkar, og að vjer gætum byggt og starfað í þeirri birtu, sem af Ärgeislanum stafdi. Það er ósk mín að með þessu nýja ári mætti okkur takast enn betur að gjöra Árgeislann okkar úr garði, en árið sem leið, að hann flitji okkur greinar af öllu góðu bædi fradandi gleðandi og skemtandi, og að sem flestir af fjelagsmönnum ættu þátt í þeim. Svo vil jeg að endingu óska þess af heilum hug og hjarta, að blaðið og fjelagið í heildsinni nái með þessu nýja ári tilgangi sinum og að allir fjelags menn skilji þau einkunnar orð, sem fjelagið hefir valið sjer.

Grundvöllurinn sanni

Johannes Palsson

## Ungmennafjelagsstefnan

Hún virðist í fljótu bragði mjög mikið misbrúkuð. Það lítur svo út að fjelagar viti ekki hvað þeir eru í raun og veru. Þeir eru samband af einni heild er þarfa að styðja og styrkja hvern annan og vinna í bróderni að allri starfssemi fjelagsins. Ungmennafjelagar ganga fram hjá hver öðrum; líkjast þeir mönnum, sem aldrei hafa sjeðst, ekki svo mikið sem heilsast eða gefa nokkuð merki þess að þeir þekkist þó þeir í raun og veru sjeu samtengdir hver öðrum þeim böndum er byggjast á kristilegum grundvelli í því starfi er hnígir til heilla og sóma þjóðarinnar í öllu góðu. Heldur forðast þeir hvern annan og jafnvel draga dár að hver öðrum, þá þeir þikjast vera með sínum gáfnum. Kæru ungmennafjelagar við höfum allir lofað og lagt við drengskap vorn að starfa að öllu góðu og aldrei að víkja fyrir ørøsum þess er miður má fara. Nú þegar við stöndum hjer innan þessa veggja erum við að votta starf okkar, sem sjálfstæðir menn og hetjur, fúsir að leggja lífið í sölu fyrir fósturjörðinni, aldrei að víkja heldur að falla sem hetja því sigurinn fæst um síðir.
Nú stöndum við á takmörkum ára móts og lítum yfir það er við höfum gjört sjáum við að það er mikið starf. Mart hefir farið vel og mart illa en hvergum er það, að þakka eða kenna, höfum við ráðið því sjálfir eða hefir annar ráðið fyrir okkur þar er vandi að ~~dæma~~ um; en eitt er víst að mikið getur maðurinn gjört ef viljinn er óbilandi. Höfum við byggt undirstöðuna á kristilegum grundvelli, Nei. því miður hefur það oft og tíðum gleimst en þó nokkrum sinnum munað þá takmark. Eins og áður er sagt stöndum við hjer á ára mótum almanaks, við stöndum og einnig á áramótum fjelags árs vors. En ef við gætum nú staðið á sönnum ára mótum hreinnar trúar og vantrúar á föðurinn og undir gefnir hans vilja þá mun við að lokum sigurinn vinna. Kæru ungmennafjelagar byrjum nú nýtt líf með nýju ári, og nýtt starf með nýjum kröftum, er starfa sem þjóðarheftur en ekki sem ihugunarlausir gárungar, sem hugsa ekki um annað en svala girndum sínum í hinum siðspillandi dansi; hugsa ekki neitt líf, ekkert nema dans, hafa dansinn fyrir guð og þekkir sómi að, jafn vel leggja sinn síðasta eyrir til þess að geta dansað.
Allar skemtanir ómuglegar nema dans, og að lokum alt líf ómögulegt nema dans. Svona eru margir því er ver, verst er þegar ungmennafjelagar eru svo hugsandi en það vona ég það fáir sjeu með svo blindum hugsunarhætti. ~~Að lokum~~ óska jeg öllum gleðilegs árs og farsælli framtíð á hinu nýbirjaða starfs ári sínu, sem horfir til þrifa og sóma fyrir fósturjörðina. Alt fyrir Ísland; aldrei að víkja

Páll Jónsson

## Í sölubúðinni 1912

Meinlaust gaman um metrakerfið, eftir Hallfreð Vandræðaskáld

Nú þarf jeg gæði mikils með,
mjög langt er síðan jeg gat ekið.
Þér getið líka sjálfur séð
að sárlítið út jeg hefi tekið.
Einn Kílólítra eg vil fá
af olíu hjerna á þennan brúsa,
Komist hann síðann ekki á
eg verð að láta þrælin dúsa.

Hundrað grömm líka af halbaunum
hefi jeg þurft að taka ~~líka~~ núna,
og hálminngi meir af hrisgrjónum
jeg held jeg vorkenni ei þeim brúna.-
Ögn af steinkolum þarf jeg þó
þeim vildi jeg síst af öllu gleyma
átta centigrömm eru nóg
eitthvað svolítið var til heima

Einn kílómetra ~~af~~ Alpakka
átti jeg ad taka fyrir Möngu
til þess ad bæta treyjuna,
sem hún er sundur fyrir löngu.
Gefid mjer nú á glasid, skál!
gott er ad hressa sig vid strykid.
Einn hektólítra eda svo.
Ekki má drekka frá sér vitid.

## Heilabrot

Hvada íslenskt mannsnafn verdur nafn á algengu verkfæri ef 1. og sídasti stafurinn er tekinn frá?
Sé einn stafur tekinn framan af nafni á alþektu spendýri, verdur eftir nafn á alþektum fugli; sje svo einn stafur tekinn framan af fuglsnafninu verdur eftir — hvorki fugl nje fiskur, heldur verkfæri.
Ef einn stafur er tekinn framan af bæjarnafni í Skagafirdi, verdur eftir nafn á enskum fornkonungi.

## Ein grein úr spekinnar bók

„Kristin trú hefir þad fram yfir öll önnur trúarbrögd, ad hún getur lagad sig eftir öllum mentunarstigum. Hinar óhagganlegu frumsetningar hennar eru svo fáar og einfaldar, ad þær geta jafnt fullnægt vísindamanninum og hinum fáfróda. Þess vegna mun hún líka standa óhögguð til veraldarinnar enda. Ad minsta kosti mun engin önnur trú geta rutt henni úr vegi.

# Árgeislinn

## 2. blad. — 21. janúar 1912 — 5. ár.

Ritnefnd: Gudrún Þórdardóttir
Jónína Helgadóttir
Þorbjörn Björnsson

### Hugmynd.

Oftast var þad efst í huga mínum í vor hvert ég ætti nú ad svífa burt frá mínum æskustödvum, og frá mínu kæra og fallega héradi: „En gott er ad gera vel og hitta sjálfan sig fyrir." Svo mætti segja um þetta, því ekki hefdi ég gert þad fyrir nokkra vandalausa. Og þegar mótorbátsinn brunadi med okkur út spegilslétt Lagarfljótid, lét ég augun sífelt hvíla á bænum, grænum túnunum og hlídunum, ánum, lækjunum og Snæfellinu. Mér fanst þad varla geta verid ad ég væri ad skilja vid þetta alt sem mér var svo kært og svo kunnugt, en þó fanst mér langsárast þá augun ekki lengur gátu eygt ~~(lengur)~~ fegursta blettinn okkar Hallormsstadaskóginn sem þá var ad klædast í sinn græna skrúd, og alt þetta fanst mér aldrei hafa verid mér jafn kært sem nú. Og á nordurbrún Fjardarh. rendi ég augunum sídast til héradsins míns og kastadi á þad alt kærri kvedju minni; en þó med þeirri hugsun ad mér mundi audnast ad sjá þad aftur. Og jafnframt fór ég ad gera mér ýmsar hugmyndir hvernig alt mundi nú vera á Saudárkróki og fanst mér ad alt hlyti ad vera ljótt og leidinlegt þótt ég væri búin ad heyra ad Skagafjördur væri mjög fögur sveit, og fanst mér ad ég mundi lítid njóta fegurdarinnar á S.krók en nú hefur mér reynst þetta ödruvísi, miklu fallegra og skemtilegra. En svona verdur manni á ad gera sér ýmsar rangar hug-

myndir um það sem maður þekkir ekki, og heldur hvérðir fyrir. Fólk hér hefði verið mér þjóðska gott og almennilegt, svo ég get hreint ekki búist við því svo, þar sem ég var öllum ókunn. Það fanst mér líka þjóðska fallega gert þar sem einhver kemur ókunnugur og þekkir engan, að sýna þeim ókunna þægilegheit og gott viðmót, það er betra en nokkrar góðgjörðir eða ég skil ekki í öðru en að flestum mundi finnast það. Ég er nú hálsvert farin að kynnast ungmennafélögum og hefi ég mætt sama góða viðmótinu hjá þeim öllum; og er það eitthvað skemmtilegra fyrir mig heldur en þó hefðu látið sem þeir sæju mig ekki, og hugsað sem svo ég þekkti hana ekkért og skifti mér ekki af henni. Til eru svoleiðis menn enda þótt þeir séu (ekki) í einhverjum félagsskap þá er eins og þeir vilji aldrei gera sér sama félagsmenn kunnuga. Þá ætla ég nú ekki að þreyta ykkur lengur með því að hlusta á þessa ómerkilegu og óáheyrilegu grein.

Jónína Helgadóttir

„Það er bernskunnar, að brosa og njóta
en eskumannsafls að freista.“

Bernskan er fegursta tímabilið í mannsæfinni. Við sjáum hve börnin eru ánægð og áhyggjulaus. Þeim finst alt svo blítt og brosandi. Þau hafa líka stöðuga von og trú á öllu því besta. Við getum líka af eigin reynd munað til þess hve við vorum sæl, þegar við á þann hátt nutum lífsgleði okkar. En svo koma þá fullorðins-árin og með þeim fáum við þrek og þroska, og við verðum að aðgæta það, að okkur eru gefnir kraftarnir til þess að nota þá sjálfum okkur og öðrum til gagns. Það er leiðinlegt að hugsa til þess hve margir eyða æskuárunum í iðjuleysi og gáleysi. Þegar við svo lítum til baka, yfir það sem liðið er, og sjáum hve mikið við höfum látið ógert, þá vildum við gjarnan hafa gert miklu meira. En svo eru aðrir, sem þegar á unga aldri taka sér þann fasta ásetning að vinna og styðja eftir megni að framförum annara. Þeir eru sjálfir alltaf sístarfandi. Við ættum einmitt jafnan að hafa það hugfast, að vinna á þann hátt, að við getum með jafn mikilli gleði minst ávaxtanna af verkum okkar frá æskuárunum, eins og endurminninganna frá bernskuskeiðinu.

Guðbjörg Friðriksdóttir.

# Kveðja til félagsins.

Nokkurs fáein orð, stutt byrjing sundurlausra ~~hugsana~~ skilnaðar-hugsana.

Það er svo margt sem er á ferðinni í huga mínum, yst í lauslegum yfirborðs-hugsunum, inst í djúpi tilfinninganna, þar sem vonir og þráin, þær dýrmætu fylgjurnar okkar vorrar, sitja að sameðum sínum.

Mér finst ég sjá og heyra, atvik og orð, frá hinum liðna tíma. Hugsunin skapar myndir og veruleika, ótalaðra orða og ógjörðra verka. Ég er bæði hryggur og glaður, hugur minn vefst um þessi orð, „Heilsast og kveðjast“, „Hryggjast og gleðjast“. Þið munið öll kannast við þessi orð, já og líka við áhrif þeirra; merking þeirra er ólík, en áhrif þeirra eru mjög skyld, snerta viðkvæmustu þræði tilfinninga vorra.

Þótt þið séuð sum af ykkur ung, og hafið lítið reynt af því, sem heimurinn hefur að bjóða, af því góða og illa, eða því geðfelda og ógeðfelda, þá veit ég að þið þekkið öll hrygð og gleði; því skamt hafa flestir gengið lífsleiðarinnar, þegar skugga-myndir hryggðarinnar hafa staðið andspænis þeim; og þegar hinir björtu geislar saklausrar æskugleði ljómuðu í sálum þeirra. Þið þekkið þetta öll, að meiru eða minna leyti — eigið í hugum ykkar og tilfinningum, gleggri myndir og áhrif þessara orða: að hryggjast og gleðjast.

Öll hafið þið kvatt og heilsað, en hafið þið öll hugsað út í merkingu þeirra orða. Ég hlýt að viðurkenna að ég tek oft á móti kveðjum, með nokkurn dauðri tilfinningu og engri hugsun, og ég veit, að svo muni vera með marga; þótt hef ég líka orðið var við, og viðurkenni með gleði, að ótamanlegur hlýleiki og velvild felst í skilnaðar-orðum og kveðjum; áhrif þeirra geta læst sig inn í insta fylgsni tilfinninga vorra — fylt sál vora þakklæti - trausti - velvild.

Slík áhrif geta verið oss ómetanleg; þau gjöra oss einstaklingsskapinn léttari, og skapa meiri vilja til hins góða. Hvað það er mikilsvert! að vita það fjarna finna til þess, þegar vér erum komnir langt burtu, frá öllu því sem oss er kærast.

burtu frá æskustöðvunum, og æskuvinunum og ættingjunum, þegar söknuðurinn gagntekur oss og einstæðistilfinningin leggst á oss eins og martröð, lamar viljann, veikir vonina, og gerir myrkrið svo svart! — að finna þá til hlýleikans og velvildarinnar frá síðustu vinakveðjunni heima — finna að þeir hugsa til mans með innilegri velvild, og hugur þeirra er fullur af hlýlegum óskum í garð vorn.

Nú þegar ég er að fara, og skilja við alt og alla sem mér eru kærastir, alt sem á staðst ítök í heimi hugsana minna. — skilja við æskustöðvarnar mínar kæru, um lengri eða skemri tíma ef til vill aldrei njóta þar verustunda framar þeirra staðva sem hafa borið mig á faðmi sér, bæði hryggann og glaðann frá því ég var lítill drengur. Skilja við alla sem mér er vel við, sem unna sömu sveitinni og ég, — sem elska sömu fjöllin, sömu hlíðarnar sömu árnar og lækina. Að þurfa að skilja við þetta alt, gerir mig svo hryggann — skapar eins og sterkari þrá til alls þess sem ég ann. / Síðast vík ég nú huga mínum og orðum að því sem mig tekur einna sárast að skilja við — félagið mitt kæra Ungmennafélagið „Tinda-stóll“ sem ég hefi verið í síðan það myndaðist; tekið þátt í baráttu þess, og staðið við örðugleika og tálmanir. Ekkert af því hefur farið fram hjá mér, en ég hefi oft fundið til þess og finn það nú, að ég hefi gert of lítið fyrir það, ekki beitt mér nógu ötullega, fyrir störfum þess og hugsjónum; ekki altíð haldið á sverði og skildi, sem duganði liðsmanni sómdi.

Ég hef verið að hugsa um það, nú upp á síðkastið, hvort ég ætti að segja mig úr félaginu mínu, sem ég ann svo hjartanlega; því meira sem ég hefi hugsað um það, því fjarstæðari hef ég orðið því; þó að ég um lengri tíma, ef til vill um fleiri ár yrði því fjarlægur. Nei! ég get það ekki vil það ekki, má það ekki! og því þá það?

Ef ég á vin, sem mér er innilega vel við, og sem ~~þig~~ ég finn að ann mér aftur, þá segi ég ekki skilið við hann, þótt ég fjarlægist hann yfir langan tíma. Mundi nokkuð af ykkur kæru félags-systkinum, segja skilið við vinina ykkar fyrir þá sök. Ég veit þið segið öll nei! Ungmennafélagið er tengt við mig föstum vináttuböndum; það sem ég get gjört fyrir það í fjarveru minni er að hugsa um það; gera áhugamál þess, þroska og framför, — að mínum hjartans áhugamálum — og það verðum við öll að gera.

Ég er orðinn fjölorðari, en ég ætlaði í fyrstu. — Ég vildi biðja „Ingeislann“ að flytja nokkur kveðju orð til félagsins míns — til ykkar kæru félags ~~systkin~~ systkin; mér er svo innilega vel til ykkar allra, það gleður mig að vita að ykkur líður vel, en hryggir mig hitt gagnstæða. Ég vona líka að þið hugsið hlýlega til mín — ég tel mér það mikils virði.

Svo kveð ég ykkur öll með hjartanlegu bróðurþeli.
Guð blessi ykkur öll, og gefi ykkur sanna farsæld og gleði á hinum komandi tíma.

Guð blessi félagið okkar, — og okkur öll!

Þorbjörn Björnsson.

## Heilsuhælið á Vífilsstöðum.

Sökum þess að ég er óvön að rita og veit því ekki hvað heppilegast er, ætla ég að skrifa um það sem mér nú dettur í hug, og það sem ég hefi svo oft ætlað að tala um við ykkur, en af því að ég er ekki neinn ræðuskörungur vil ég þó af illu tvennu skrifa um það. Og þetta sem ég nú ætla að rita um er heilsuhælið á Vífilsstöðum. Öll vitum við hversu ómetanlega nytsöm stofnun þessi er, og öll vitum við líka hve mjög óþarkomin gestur tæringin er hjá oss. En nú er ~~stafs~~ farið að brydda á því, að stofnun þessi er langt of lítil og fullnægir því ekki líkt því öllum sem þangað vilja og þurfa að komast og er það sárt þar sem um jafn nauðsynlegt er að gera. En getum við nú ekkert gert til að styrkja stofnun þessa. Jú við getum það. Og hefur mér nú dottið í hug með hverju móti það yrði léttast fyrir okkur. Altaf eru skemmtanirnar (og) hér hjá oss og altaf eru þær prýðilega sóttar og því dettur mér í hug að við myndum meiga bæta einni við og verja ágóðanum til þess aður nefnda hælis ef hann kynni einhver að verða. Til að styðja þessa skemmtun skyldi ég gera alt sem í mínu valdi stæði, enda þótt ekki segðist nú svo mikið á því og svo mynd það verða með ykkur mikið þó ég efast ekkert um góðan vilja hjá ykkur. Og þó við ekki þurfum á hjálp þessa hælis nú að halda getur altaf komið fyrir

en vonandi ad þad verdi aldrei. Einn er þad þó úr okkar fèlagi sem nú ætlar ad fara ad leita sèr lækningar á hæli þessu. Jónína Danielsdóttir eins og þid líklega hafid heyrt, hún er nú búin ad hafa snert af berklaveiki í 2-3 ár og hversu fegin mundum vid ekki öll vilja bidja þess ad hún fengi fullkomna bót á þessum sínum lasleika og sem vonandi er af því hún er svo ung og madur er nú þegar búin ad sjá hvad óumrædilega mikill árangur er af þessari stofnun. Eg þykist nú vita ad margt af ykkur hugsar sem svo ad heilsuhælid á Vífilsstödum munadi lítid um þad þó okkar fátæka fèlag færi ad senda því nokkrar krónur
„En kornid fyllir mælirinn."
Og hugsanlegt væri ad fl. fèlög rès í sjólunni kæmu á eftir. Eg fjölyrdi nú þetta ekki meira en vonast til svo góds af ykkur mínir kæru fèlagar ad þid takid þetta til íhugunar.

Gudrún Þórdardóttir

# Árgeislinn

3. blad — 15 febrúar 1912 — 5. ár.

Ritnefnd: Sigurbjörg Benónísd.
Sigrídur B. Pálmadóttir
Páll Hallgrímsson

## Framtídarhugsun.

Þad er edli hins óspillta mannsanda, ad vilja hefja ~~hefja~~ sig upp úr duftinu og áfram til starfa; ad vilja starfa eitthvad nytsamt og gott fyrir þjódina eda þann hluta þjódarinnar sem starfsvid hans nær til.
Þegar vjer hugleidum ad þad er markmid ungmennafjelaganna ad styrkja hvert þad fyrirtæki sem er þjódlegt, og gott fyrir land og lýd; þá liggur næst fyrir ad hugsa um hvad þad er helst sem vjer þurfum ad gera til ad geta fullnægt skyldum vorum í þessum fjelagsskap, eda hvort vjer getum alls ekki komid neinu gódu til leidar med honum—. Já vjer getum efalaust komid miklu gódu til leidar med þessum fjelagsskap ef vjer höfum sterkan vilja til þess og beitum kröftum vorum í rjetta átt. Þad er margt í ólagi hjá oss Íslendingum og mörgu væri hægt ad breyta til hins betra ef vakandi áhugi væri fyrir því ad færa í betra horf, ýmislegt sem midur fer. En fyrsta skilyrdid til ad geta komid einhverju gódu til leidar er þad ad vinna hvert verk af sönnum gudsótta, af hreinum kærleika til guds og manna, en alls ekki í þeim tilgangi ad ábatast eda auka álit sitt í augum almennings vid þad. Þad sem þá virdist liggja næst er ad reyna ad glæda ætt jardarástina og trúna á landinu hjá sjálfum sjer og þjódinni.

Það eru svo margir sem kvarta yfir því að landi
okkar sje kalt, að veturnir sjeu langir og kaldir,
að tíminn sje langur sem ekki er hægt að rækta
jörðina og lítla sem enga atvinnu hægt að fá til
lands eða sjávar. Þetta er að vísu satt en þó er
engin ástæða til að flýja fósturjörðina sína fyrir
þessa sök, því margra alda reynsla er fengin fyrir
því að landið getur fætt oss og klætt. Já miklu meira
það getur veitt oss öll þau gæði, sem hver og einn
er verðugur fyrir og fær til að taka á móti, ef
vjer aðeins beitum kröftunum vorum til að hagnýta
oss þau auðæfi sem landið hefir að bjóða.
Jafnframt því sem landið veitir oss vorar líkam-
legu nauðsynjar vill það um leið kenna oss ýmsar
kristilegar dygðir ef vjer erum meðtækilegir fyrir
að færa oss þær í nyt. Vegna þess hve stuttan tíma
vjer höfum árlega til að afla oss þeirra auðæfa sem
landið og sjórinn hafa að bjóða oss, þá verðum
vjer, að nota tímann vel, og með dugnaði og hygg-
indum afla oss forða yfir þann tíma, sem
vjer verðum að bíða eftir nýjum gjöfum, sem vjer
megum eiga von á þegar jörðin eftir afstaðið
frost og fjúk vetrarins hefir klæðst aftur hinum
græna sumarskrúða sínum. Þetta getur einnig kent
oss reglusemi, sparsemi og fleiri dygðir sem vjer
þurfum svo oft að nota í þessu fátæka landi
voru, til þess að geta varið vetrarforða vorum sem
best; svo hann geti fullnægt lífsþörfum vorum
og þeirra sem skyldan býður oss að annast.
Það er svo langt frá því að vjer þurfum að flýja
land vort fyrir atvinnuleysi eða efnaskort; Vjer
þurfum miklu fremur að fá aukna krafta til
að geta notað oss þau auðæfi, sem náttúran umhverfis
oss hefur að bjóða. Hvert sem vjer lítum til lands
eða sjávar þá sjáum við að það vantar fólk en ekki
verk til að vinna. Vjer getum ekki ræktað jörðina fyrir
hvað fólkið er fátt í sveitunum. Bændurnir geta
hvorki aukið bú sitt, eða bætt tún sín eða engjar eftir
þörfum, fyrir því hve fátt verkafólk þeir geta feng-
stil þau auðæfi sem sjórinn við strendur landsins
hefir að bjóða oss, af því hvað fáir geta sint þeim

Og þá að útlendar þjóðir frá ímsum
löndum safnist með ágirnni líds í kringum
landið okkar til að raka að sjer því auðmagni
sem oss ber að rjettu lagi þá getum vjer
ekkert við það ráðið vegna fátæktar vorrar
og fámennis. Þessa getum vjer auðsjáanlega
ekki kipt í lag nema með auknum mannskrafti
og auknu fjármagni en það getum vjer hvorttveggja
fengið með tíð og tíma ef vjer höfum nógu sterka
trú á kostum landsins og einbeittan vilja á
að auka efni þess og sjálfstæði. En oss vantar tilfinn-
anlega marga nýta og duglega menn sem geti með
eindrægni og fjelagsskap hafið land vort og
þjóð, upp úr eymd og ~~valaði~~ örbyrgð, til andlegs
og efnalegs ~~og efnalegs~~ sjálfstæðis. Þeir eru
nógu margir í þessu fátæka og fámenna landi,
sem með fjárpnaði og ráni vilja draga undir
sig fje frá sínum fátæka bræðir. Þeir eru
nógu margir sem með flærð og fagurgala
vilja tæla sína veika og ósjálfstæða bræðir
til ódygða og lasta. Þeir eru nógu margir sem
með okri og svikum í kaupum og sölum vilja
fjeflétta náunga sinn. Þeir eru nógu margir sem
með ofbeldi og valdafýkn vilja ráða yfir velferð-
armálum landsins og þjóðarinnar til að auka
álit sitt og afla sjer fjár. Það væri sannarl. þörf
á að útrýma illþýði þessu úr landi voru; nógu
lengi hefir það þrifist hjá oss. Aftur á móti þurfum
vjer af fremsta megni bæði með orðum og eftirdæmi
að kosta kapps um að rækta hin fögru blóm
manndygðanna í brjóstum æskulýðsins, svo hann
geti orðið ættjörðinni til gagns og sóma. Ennfremur
þurfum vjer að reyna eitthvað í áttina til þess
að klæða landið í líkan skrúða og það var
klætt fyrst þegar forfeður vorir reistu bú sín hjer
því ánægjulegt væri fyrir oss að geta grætt þau sár
sem fósturjörðin hefir verið særð af íbúum
sínum á liðnum öldum. Og ef vjer getum komið
því til leiðar þá mættum vjer öruggir treysta
því, að hún getur fætt oss og klætt, og þá væri
líka stigið stórt spor í áttina til þess að gera
oss að sjálfstæð~~ing~~ þjóð því ræktum skóga og

uppþurkun mýra er skilyrði fyrir því að loptslagið geti orðið mildara og jurtagróðurinn meiri en nú er, og við það getur hagsæld þjóðarinnar aukist að miklum mun. Vjer verðum að byggja trú vora á landinu á þeirri von að það geti með tíð og tíma gert börnin sín svo dyggðug og hamingjusöm, að þau geti orðið samtaka og samhuga í því að byggja upp og rækta landið sitt, og að þau sjálf geti ráðið lögum og lofum í landinu án þess að sækja nokkuð til annara þjóða í því efni. Þess verður ekki langt að bíða að augu þjóðarinnar opnist svo að hún sjái það að dáð og drengskapur er það eina sem getur gert oss hamingjusama á jörðu vorri; hvar sem vjer erum og hvert sem vjer förum getum vjer aldrei verið hamingjusamir án þessara mannkosta.
Vjer þurfum því ekki að leita farsældarinnar langt burtu í öðrum heimsálfum því hana er hvergi að finna ef vjer getum ekki fundið hana í sjálfum oss hún er undir því komin hvernig vjer temjum hugarfar vort og alla breytni vora til orða og verka.

(Advent)

## Sveitin mín.

Með hve mikilli tilfinningu munu ekki allir sem eru uppaldir í sveit bera fram þessi orð: „Sveitin mín". Við hana eru bundnar allar æskuvonir og æskudraumar mannsins, og þar finst honum venjulega að hann hafa eða hafa haft fyrir augum hið fegursta sem augu hans hafa litið í lífinu. Vanalega mun það samt vera svo að æskumaðurinn finnur ekki ljóst til þess hvað hugur hans er fast tengdur við sveitina hans og æskustöðvarnar, fyr en hann yfirgefur þær um lengri eða skittri tíma. Þá fyrst finnur hann til þess að það er næstum því að segja skyldleiki með náttúrufarinu í sveitinni hans og hans eiginn lundareinkennum. Á hinum ókunna stað þar sem hann er staddur sjer hann ekkert sem fullnægir fegurðartilfinningu hans, og þegar hann fer

bera saman þar og heima þá finst honum allt sem hann sjer þar lítilfjörlegt og og óviðfeldið.
Sá sem er uppalinn utarlega við fjörðinn og hefir í æsku haft fyrir augum hið næsta sjer grösugt undirlendi sem annarsvegar er skýlt af lágum fjöllum með grösugum hlíðum sem lækirnir fossa niðureftir og áfram halda þeir þar til þeir sameinast fjörðinum sem liggur með fram fjörðinum innst lygn og sljettur eins og spegill sem himininn og skýin speglast í, eða þá úfinn og ákyr og ægilegur ásýndum eins og hann sje að sýna mátt sinn og mikilleika.
Lengra í burtu hinumegin við fjörðinn blasa við fjöll með tindum sem gnæfa við himininn og þar fyrir utan liggur hafið með hinum sýkvikri öldum sem altaf hefjast og hníga á yfirborðinu svo langt sem augað eigir.
Það er áhrifamikið sjón á hinum löngu kyrru vorkvöldum, að sjá sólina ganga til viðar við hafsbrúnina, á meðan hún sýnist vera að hverfa niður í ægirinn glitrar hafið í gullinu geislaskrúði, en þegar að síðasta röndin er horfin verður hafið aftur blátt, en ef litið er til fjallana í austri sjest að í þeim er enn sólskin og það kemur manninum til að hugsa um það að sólin er ekki gengin í sjóinn þá það virðist vera svo og að fyrir utan hafsbrúnina sem vjer sjáum liggji óendanlega mikil víðátta og eins og að baki fjöllunum; og ef til vill vaknar við þessar hugsanir svo ákaf þrá hjá æskumanninum til að sjá hvað býr hinumeginn við fjöllin að hann yfirgefur sveitina sína en þegar hann kemur yfir fjallið er þar allt öðruvísi um að litast enn hann hafði búist við. Þar blasir við honum sjón sem hann hefir aldrei áður sjeð. Það er dalur fjöllum luktur með bröttum hlíðum og blikandi lækjum sem steypast ofan hlíðarnar niður í ána sem rennur í bugðum eftir miðjum dalnum þetta finst honum að vísu fögur sjón á meðan hann er uppi á fjallinu, en þegar hann kemur niður

í dalinn finst honum sjóndeildarhringurinn vera orðin svo lítill að honum finst það nærrum óþolandi, og á meðan sólin enn er hátt á lofti gengur hún á bak við fjöllin og það kemur forsæla í dalinn þetta alt finst honum svo óviðkunnanlegt að hann getur ekki stilt sig um að tala um það við fólkið í dalnum. En þá heyrir hann að það hefir aðra skoðun því það segir: Hvað getur jafnast á við þessar fögru og grösugu hlíðar, og þessi tignarlegu fjöll, og hve sæluríkt er ekki að búa í skjóli þeirra, og hvergi höfum vjer komið í neina sveit sem jafnist á við þessa að fegurð. En við þetta vakna nýjar hugsanir hjá aðkomumanninum úr sjáfarsveitinni og hann spyr sjálfan sig. Mun það vera eins fyrir dalabúunum, eins og mjer að þeim þyki sveitinn sín fegurri en nokkur önnur, og mun það vera svo fyrir öllum að þeim þyki sín sveit fegurst og þegar hann er orðin fullorðin og búinn að fara víða þá hefir hann alstaðar orðið hins sama var að öllum hefir þótt sín sveit fegurst og hafa hjartanlega tekið undir með skáldinu sem sagði: „Blessuð sjert þú sveitin mín.“ En fyrst maðurinn „elskar sveitina sína þá hlýtur hann einnig að elska landið sem ber hana á brjóstunum sínum, og hvetja hann til þess hvar sem hann er að vinna að því eftir mætti sem landinu er til heilla og blessunar.

Sigurbjörg Benónýsdóttir

## Vorið.

Þegar vorið kemur, þá lifnar yfir öllu mönnum, dýrunum og jurtunum; því þá fer jörðin að láta í tje arð þann er bæði menn dýr og jurtir hafa gagn af sjer til þroskunar. Ef vorið og sumarið kæmi aldrei, þá myndi fljótt fara að styttast æfidagurinn, og við fengjum kvöld hjá himnaföðurnum, þar sem altaf er eilíft sumar. Allir fagna því vorinu bæði ungir og gamlir en ekki síst unglingarnir. Á vorin fara jurtirnar að lifna úr því dái er veturinn hefir varpað þeim í, og leggja hinn marglitu blómkrónu á móti sólinni sem skín svo glatt á vorin. Birtan ríkir þá altaf bæði dag og nótt og unglingunum þykir það svo skemtilegt að njóta blessaðrar birtunnar, eftir myrkur vetrarins. Hinir yndislegu geislar sólarinnar gjöra altaf til að lýsa okkur og verma. Þá fyrst finnur maður muninn á sumrinu og vetrinum hann er svo dimmur og kaldur og hefir fremur lítið að færa oss sem getur glatt oss verulega. Vorfegurðin er eitthvað það allra dýrðlegasta er augu mín fá litið. Hve vornóttin getur verið yndisleg þegar sól gengur ekki til viðar, alt er svo kyrt og hljótt nema einstaka sinnum að maður heyrir fuglana syngja svo blítt og sálega að maður hlýtur að verða hrifinn af þeirri hljómfegurð, ekki er það síst söngur svanarins sem hlýtur að knýja mann til að veita sjer eftirtekt, þá er hann líður eftir hinum silfurtæru vötnum lands vors.

Um þetta efni mætti mikið meira rita sem jeg er ekki fær um.

Páll Hallgrímsson.

# Árgeislinn

4 blað — 3 mars 1912 — 5. ár.

Ritnefnd: { Guðm. Jónsson
Björn Árnason
María Eyjólfsdóttir

## Nokkur orð um jörðina

Gömul skáld og vitringar, hafa kallað jörðina allra móðir, og varla gátu þeir valið henni fegurra heiti, því alt sem lifir og hrærist alt sem grær og fölnar á sér aldur, leiðir hún fram af skauti sínu, og lær án afláts efnið í hina óteljandi og margbreytilegu líkami, sem lífsaflið myndar, og yfirgefur að nýju á sinni huldu og eilífu rás gegnum náttúruna. Sjálf þreytir hún skeið sitt með ógnum hraða kringum sólina og fylgir föstum og órjúfandi lögum, sem mannlegri skinsemi hefur auðnast að þýða svo hægt er að tilgreina afstöðu hennar frá ~~[illegible]~~ sólinni og öðrum himintunglum með stund og stað á hverri öld á meðan fyrirkomulag sólkerfisins haggast ekki af nýjum stórkostlegum [illegible] viðburðum, ekki er heldur kyrt eða dautt í innyflum jarðarinnar, því þar geisa jafnan gegnvænlegustu og aflmestu höfuðskepnur

En það er eldurinn, sem stundum brýst upp úr undirdjúpi jarðarinnar og klýfur sundur fjöll og jökla, en bræðnað grjót og jarðtegundir, fljóta eins og árstraumar og eyða öllu sem fyrir verður. Leitt hvað er líka að þegar jarðskjálftarnir fara eins og hrellingar yfir hina ofurstóru líkami jarðarinnar, þá hrynja húsin björgin klofna og stundum koma eyjar upp úr hafinu þar sem áður var hyldjúpt, ellegar stór hérað sökkva og ekkert er eftir nema vatn þar sem áður voru bygðir manna. Alt þetta er svo íhugunarvert að spekingar á öllum öldum hafa leitast við að gjöra sér það skiljanlegt. Og ígrunduðu kostgæfilega eðli og uppruna jarðarinnar; en þeir útlistuðu með mörgu móti; en komust þannig nær og nær sannleikanum, eftir því sem þekkingin óx af margra alda reynslu og rannsóknum á eðli hlutanna. Forfeður vorir sem í fyrstu hafa verið annara eftirbátar, hafa ekki heldur látið þetta rannsóknarefni fram hjá sér, því goðasögur þeirra bera það með sér að þeir hafa athugað eðli jarðarinnar og fundið öfl náttúrunnar, þau birtast þeim í mörgum myndum, annaðhvort sem skaðvænar verur eyðandi guðanna handverkum, eða góð máttug goð sem framleiða lífið og ljósið en stökkva þursum og illvættum burt frá bústöðum manna og goða. Um þetta mál mætti rita miklu meira en ég læt hér staðar numið

María Emilíe Eyjólfsdóttir

## Reynið aftur

Flestir menn hafa löngun til að komast til vegs og virðingar, en þeir vilja ekki allir leggja á sig áreynsluna eða fyrirhöfnina það takmark sem flestir stefna að er

að komast áfram í heiminum. En flest-
ir munu viður kenna það að þeir eru
tiltölulega fáir sem komast áfram í heim-
-inum. En hvers vegna? Jeg held það stafi
mikið af því, að þegar menn eru komn-
-ir á þann aldur að þeir fara að velja sér
stöðu í heiminum og búa sig undir
hana, þá athuga þeir ekki með nógu
mikilli nákvæmni til hvers þeir eru best
fallnir. Margir láta það ginna sig ef þeim
býðst álitleg staða; staða sem er virðing-
-arstaða er menn svo kalla. En það
getur verið spurning hver staða er virðing-
-arstaða og hver ekki. Jeg álít að í hvaða
stöðu sem maðurinn er, ef hann aðeins
leysir starf sitt vel af hendi, þá er hann
virðingarverður fyrir stöðu sína. Menn
takast oft á hendur störf sem þeir eru
alls ekki færir um. Þannig hefur margur
eitt kröftum sínum til lítils gagns eða
sóma, sökum þess að hann lenti á skökk-
-um stað, en hefði eftil vill getað unnið
þjóð sinni mikið gagn og sjálfum
sér frægð ef hann hefði lent á rjettum
stað, því enginn maður er svo að hann
hafi ekki einhverja hæfileika. Það er
eins og máltækið seggir, engum er
alls varnað. En svo eru aðrir sem
athuga til hvers þeir eru best fallnir, og
komast að því rjetta hvað það er sem
þeir eru hæfastir til. Þeir ásetja sér að
ná þessu marki; Með öðrum orðum
að komast í þá stöðu sem þeir hafa
komist að raun um að þeir hafa flest
skilirði til að geta leyst starfið af hendi.
Nokkrir ná markinu, en margir aldrei.
Því ef þeir ná ekki markinu fljótlega
og með lítilli fyrir höfn, þá gefast
þeir upp sumir strags við fyrstu
atlöguna aðrir við aðra u.s.frv.
Þeir reyna ekki aftur
Nú ætla eg að ~~geta~~ nokkura manna

sem mikið hafa orðið að leggja í
sölurnar til að ná hinu rjetta takmarki
Hversu mikill sem mótblásturinn
hefur verið hafa þeir ekki gefist upp
Og þótt stormurinn hafi stundum
verið svo mikill, að þeir hafi orðið
að snúa undan vindinum, Þeir lögðu
á stað aftur og aftur og hættu ekki
fyr en þeir náðu takmarkinu
Þeir reyndu aftur
Í 40 ár starfaði Búffon með frábærri
ytni og elju, hann ritaði náttúrusögu
sína 11 sinnum uns hann var ánægð-
-ur með hana. Og hafði hann þá hugsað
um hana í 50 ár. Þegar Galilei var 18 ára
kom hann inn í kirkju, og sá þar lampa
hanga í lausu lofti og dingla fram og
aftur. Kom honum þá til hugar að
nota matti hreifingu þessa til að mæla
með tímann. En í 50 ár var hann
að velta þessu fyrir sér þar til honum
hugkvæmdist að nota pendulinn sem
nú er í flestum klukkum
Stjörnufræðingurinn Vilíham Herschel
hafði ofan fyrir sér með því að
fyrri hluta æfinnar að leika á hljóð-
-færi. Af til viljun fór hann að leggja
stund á stjörnufræði, en hann var
svo fátækur að hann hafði ekki efni
að kaupa stjörnu kíki. Hann ásetti
sér þá að búa hann til sjálfur. Þó
á því sem varð má geta margir
erfileikar, en á endanum tókst honum
það og smíðaði hann síðan marga.
Til þess að sýna golgæti hans má
geta þess, Að þá hann smíðaði einn
kíkinn varð hann að búa til 200 hol-
-spegla uns honum tókst að búa til
spegil sem hann var ánægður með
Það er auðheyrt að þessir menn hafa
átt við mikla erfi leika að stríða
En þótt þeim mistækist þá reyndu

þeir aftur og sigurinn hlutu þeir

Þegar menn fara að afla sér þekkingar til að búa sig undir vissa stöðu í lífinu, þá þurfa þeir að athuga nákvæmlega til hvaða starfa þeir hafa mesta hæfileika.

Raunar skiftir það minstu hve mikinn fróðleik maðurinn hefur aflað sér, hitt skiftir meiru hvern tilgang hann hefur fyrir augum er hann aflaði sér þekkingarinnar. Tilgangurinn á fyrir hverjum manni að vera sá að verða fær um og hæfur til, að framkvæma það sem gott er og göfugt

Guðm. G. Jónsson

## Myrk skoðun

Hvað eru landslög og lífsreglur tómar
Lygirnar, hversu þær uppspretta lind
Hvað eru mannanna heimleiðir dómar
Kveljandi stormur frá mannvonsku tind
Hvað eru andar og upphefðar hrók
Vanda slepp gaði í botlausi skál:
Hvað eru heimspeki & Hartvorðin nyki, sem
hendist og votar þig lasburða sál.

## Björt skoðun

Hvað eru landslög og lífsreglur tómar?
Lukkunnar vegur, það sjá þér ég skal;
Hvað eru mannanna heimleiðir dómar
Heiðarlegt bróðurlegt siðfræðis hjal

vinna þetta verk; hvað sem fyrir kann að koma má ég ekki láta hugfallast, þó eitthvað mistakist í þetta sinn þá verð ég að byrja aftur, og ekki hætta fyrr en mér auðnast að hafa framkvæmt það sem ég hefi ætlað mér. Ég má ekki láta þessa hugsun mína dofna eða deyja, hún er of víðtæk og þarfleg til þess. Hér finst það helg skylda, og lífinu hef ég helgað þessa stefnu og ákvörðun mína. En hvernig hefir svo farið fyrir hinum, sem ekki hafa fylgt þessari reglu, þeir hafa oft tekið sér fyrir hendur að framkvæma eitthvað gott og þarflegt verk, eins og hinir sem áður er talað um.

Hafi svo eitthvað mætt þeim, sem þeir ekki sáu fyrir og tálmaði fyrir ~~ætlan~~ þeirra, hvað hafa þeir þá gjört?

Lagt árar í bát og hætt við hálfunnað verk. Þar afleiðandi hefir ekki orðið neitt úr (~~vinnu~~) neinu fyrir þeim. Þessir menn hafa hugsað sem svo: Að vísu ætlaði ég að koma þessu í verk, en nú er ég farinn að sjá að sú hugsun hefur ekki verið á réttum rökum bygð. Ég er ekki að brjóta heilann um þetta lengur og eyða tíma ~~…~~ og peningunum í aðra eins vitleysu. Nú skal ég heldur byrja á einhverju öðru og vita hvernig það lukkast. – Hverju koma svo þessir menn í verk? Hreint engu, þeir eyða tímanum og lífi sínu alveg að gagnslausu bæði fyrir sjálfa sig og aðra. Hringla úr einu í annað og gjöra svo aldrei neitt. Með öðrum orðum, verða aldrei nýtir menn í þjóðfélaginu.

Þú, sem lest línur þessar hafir þú einhverja góða og þarflega hugsjón, sem þú vilt koma í framkvæmd, þá fylgdu reglunni, sem alltaf stefnir í áttina. Láttu aldrei hugfallast hvað sem fyrir kemur.

„Því, sá sem hræðist fjallið og einlægt aftur snýr
fær aldrei leyst þá gátu, hvað (~~sem~~) hinumegin býr
en þeir sem, eins lífið er bjarta breiðar myndin
þeir brjótast uppá fjallið, og uppá hæsta tindinn

Jón Jónsson

## Fáein heilræði fyrir pilta

Jæja, hvað á ég að skrifa? Í svipinn man ég ekki eftir mörgu. Ef ég hefði í huga mér eitthvert hugðnæmt efni, þá skildi ég ekki þegja. Nei, ég skyldi skrifa margar arkir af skrísi og bókviðum einkanlega

um kvenfólkið, þær dásamlegustu verur
sem á jörðinni lifa. Mér verður efalaust
svarað, að misjafnar muni þær vera. Móti
því vil eg ekki bera, því það væri að mis-
-þyrma sannleikanum. En sannleikann á
maður alltaf að elska ekki síður en kven-
-fólk. Blessuðum stúlkum fyrir nú efalaust
við mig, ef eg vildi vera svo djarfur, að
halda sannleikanum fram jafnhliða þeim.
En ekki verður við öllu séð. Svo vildi eg
síst af öllu lenda í ónáð hjá þeim fögru
verum. Nú datt mér nokkuð í hug.
Ekki alls fyrir löngu spurði kunningi minn
mig, að því, svona rétt í bríaríi, hvernig
hann ætti að geta komist að því, hvor
stúlku einni ónefndri mundi lítka vænt
um sig. Langar ykkur að heyra hverju eg
svaraði honum? Eg vil taka það fram, að
svarið var byggt á reynslu annara; það
sá eg nýlega í ónefndu tímariti. Ef
eg verð krafinn til sagna, þá skal eg með
ánægju leggja fram „ postilluna“, og
sanna mál mitt. Það er best að byrja.
Þú getur vitað hvernig henni geðjast að þér,
með því að taka vel eftir, hvernig fram-
-koma hennar er gagnvart þér. Ekki skaltu
þú leggja mikið upp úr því, þó hún
kunni að roðna þegar þú talar við hana.
Þær roðna oft af svo mörgu, já, oft óteljandi
ástæðum. Öðru máli er að gegna, ef það
skildi koma einhvers konar gleði blær á
svip hennar. Líkt og glaða sólskinið í
heiðríku veðri, og augu hennar ljóma
björt og skærar stjörnur himinsins, og
munnur hennar leyndi því ekki, að það
væri bjart bros á vörum. Ef hún lítur
niður og verður sorgfull á svipinn þegar
þú kveður hana þá máttu þú vona,
þegar þú tekur í hönd hennar, þá
mantu þú finna þar titring ef henni
geðjast að þér, annars ekki. Ef þú hefur
sagt henni, hvaða föt, og litur á klæðnaði

Væri henni best, þá vertu viss, að hún klæð-
-ist alla jafna þannig, ef hún ætlar að
geðjast þér. Ef þú talar við aðra þá
mun hún sanni taka vel eftir því öllu.
Þig mun undra slíkt en samt er það ekki
undarlegt, Þú munt fljótt sjá það, að henni
geðjast ekki að því að þú talar meira við
aðra heldur en hana, Svipur hennar
breytist ef þú snýrð máli þínu til henn-
-ar, og verður allur gladlegri. Rödd hennar
er mildari og hljómar sætar í eyrum þín-
-um þegar hún talar við þig heldur en vana-
-lega þegar hún talar við aðra. Ef hún
ber blóm á sínum dúnmjúka barmi
þá er hún viss með að gefa þér það til
merkis um vináttu þel sitt, Það er að
vísu margt fleira, sem þrentað stendur
í bók þeirri sem eg gat um viðvíkj-
-andi þessu efni, en þetta eru aðaldrætt-
-irnir, sem ætti að vera fullnægjandi
í flestum tilfellum.
Eftir framan skráðum reglum geta nú
piltarnir getið sér til um hugarfar
stúlknanna til sín, ef þær taka ekki
upp á því að sýna þessa tilburði sem
aðra leikara list. Við því er sami
varla hætt vegna þess að þær eru ekki
gjarnar á að koma fram öðruvísi en þær
eru, Þar eru vísi fáar undan tekningar
þar. Kunna málsháttinn „ að maður verður
að koma til dyranna eins og maður er
klæddur“. Eg fylgi sömu reglu, og
er þess vegna ykkar sami

Jón Jónsson

# Árgeislinn

5 blað 17 marz 1912 5 árg.


Ritnefnd { Andrés Þorsteins[son]
Daníel Daníelsson
Sigurbjörg Pálsdóttir


## Á leiksviðinu.

Hún var fögur, drottningin, þegar hún gekk
fram á leiksviðið. Hún var í dýrasta og besta
búningi sínum, enda ætlaði hún að vinna
hjörtu hvers einasta manns sem gat séð hana.
Og allir dáðust líka að henni, og þó var engin
sem sagt gat að hann hefði séð andlit hennar.
Hún hafði altaf eitthvert lag á að dylja það svo
engin hafði nokkurntíma haft tækifæri á því
að virða hana vel fyrir sér eða horfa í augu
hennar. Hárið greiddi hún aldrei frá enninu
og augun voru altaf hálf hulin undir augna-
-lokunum. En munnurinn og nefið var
fallegt. En þarna stóð hún nú á leiksviðinu
framan fyrir mörghundruð manns og hún
ætlaði að vinna þá, ná ótakmörkuðu valdi
yfir fjöldanum og gjöra hann að þrælum sínum.
Og þegar hún talaði og hljómurinn af orðum hennar
barst um salinn, fyltust allra hugir af aðdáun og
undirgefni. Og hún lofaði hverjum sem vildi
fylgja sér í blindni gulli og gersemum.
Það leit helst út fyrir áðan, ásýnilegar venur frá henni
og þeir hvísluðu að hverjum manni, því sem
hún ekki sagði en sem þó lá á bak við loforð
hennar. — það var uppfylling als þess sem hugurinn
þráði.

Og lengi talaði hún. Svo lengi að hver einasti
maður varð algjörlega hrifin og búin að gleyma
striti og erfiðleikum lífsins, og horfin inn í ríki
alsælu og drauma.
En þá fyrst hætti hún að tala og hneigði sig fyrir
fólkinu. Fólkið var svo hrifið, að það áttaði sig
ekki strags á því að hún, drottningin, var hætt
að tala, svo allur þessi fjöldi steinþagði dálitla
stund. Það var þó búin að ákveða að „klappa henni
lof í lófa“ til þess að fullvissa hana um undirgefni
sína og aðdáun. En þá varð undarlegur viðburður.
Það leið kaldur gustur um salinn, en hrollur
fór um hvern einasta mann. Það var sem andi
himna dauðans eða sjálf hendi dauðans hefði snortið
fólkið. Allir einblíndu á drottninguna í fagra
og dýra búningnum, eins og þeir allir væru á hjálp
þurfandi. En þá gekk fram á sviðið tígulega búinn
maður. Svipur hans var hreinn og göfmannlegur
og augun blá sem vornætur-himininn.
Hann leit alvarlega á fólksfjöldann og út úr
svip hvers manns gat hann á augabragði lesið
trú þá sem allir höfðu á drottningunni.
Og hann las hverja sál á augabragði niður í
kjölinn. Svo sneri hann sér að drottningunni
sem virtist skjálfa sem sæi hún þarna komin
yfirboðara sinn, harðan en réttlátan.
Og nú ríkti dauðaþögn í salnum og allir biðu
með óþreygju eftir leiknum, því fólkið hafði óljósa
meðvitund um það að nú kæmi eitthvað óvanalegt
fyrir. En hann sem stóð þarna á leiksviðinu
beinn og fagur þó hann væri illa til fara, sneri
sér nú aftur að fólkinu og mælti með hreinni
og alvarlegri röddu: „Ef eg spyrði yður nú að hvort
þið vilduð heldur fylgja mér eða drottningunni þarna
mynduð þið vafalaust velja, að fylgja henni.
En eg er þó konungur og miklu voldugri en hún
og eg niðurbrýt aftast verk hennar og er ávalt á
ferð á eftir henni. Þið þekkið mig ekki, og ekki
heldur drottninguna þarna, sem þið hafið þó altaf verið

samtíða frá því þið voruð börn. Eg hefi líka átt því láni að fagna að vera samtíða ykkur og eg hefi reynt að láta ykkur þekkja mig. En þið eruð blind, eða hafið ekki viljað sjá mig af því eg hef aldrei hlaðið neinu skrauti utan á mig.

Alt skraut mitt og gimsteinasafn hefi eg viljað gefa ykkur en þið hafið kastað þeim í saurinn og fótum troðið þá, En hún drottningin þarna, hefur hlaðið öllu sínu besta utan á sjálfa sig og það eru gimsteinarnir hennar sem hafa blindað ykkur og komið ykkur til að kasta mínum í saurinn.

En sjáið þið nú hve varanlegt þetta skraut er sem drottningin ber!" Að svo mæltu gekk hann að henni þar sem hún stóð nú lotin á leiksviðinu frammi fyrir fólksfjöldanum.

Hann snart hana með litlafingrinum og sjá! Allir gimsteinarnir og skrautið hvarf á augabragði. fagra drottningin sem allir höfðu dáðst að, stóð (nú) nakin á leiksviðinu. En nú var hún ekki lengur fögur. Nú var hún hrukkótt og limskekt Og hárið fell af henni niður á gólfið og varð þar að mold og maðkahaugi ásamt öðru því er hún hafði borið til að prýða sig með.

Húsið skalf. það var sem logandi eldur liði mann frá manni um alt húsið.

Allra augu opnuðust nú og fólkið sá hvað það hafði ætlað að gjöra. En á leiksviðinu stóðu báðir leikendurnir: fátæki konungurinn og ríka drottningin, og fólkinu sýndist þau standa í loga. Og það var. Þarna á leiksviðinu stóðu bæði konungurinn og drottningin í eldi. En drottningin brann til ösku, en konungurinn steig fagur sem engill fram úr loganum, og tjaldið féll.

En um salinn liðu ósýnilegar andar og hvísluðu að hverjum manni aðeins tveimur orðum sem voru Sannleikur konungur! Lygi drottning!

Og fólkið fór þögult og hugsandi úr leikhúsinu.

Það hafði ekki klappað fyrir Lygi drottningu, en það klappaði ekki heldur fyrir Sannleika konungi.

Pálmi.

# Nokkur orð um þokuna.

Þokur eru talsvert tíðar hér á landi sérstaklega á Austfjörðum, en flestum mun þykja hún leiðinleg enda veldur hún oft miklum óþægindum.

Það er ekki hægt að neita því að þokan er fremur leiðinleg; það er leiðinlegt t.d. á vorin þegar maður tekur sér skemtigöngu til einhvers þess staðar er manni er kær, til þess að njóta náttúrufegurðarinnar. Og hversu sárir eru menn ekki á vordögum sökum þegar þeir á sólríkum sumardegi virða fyrir sér fegurð Fjallkonunnar er hún hefir klætt sig (~~besta~~) sumarklæðum sínum. En svo er eins og þung sorg beri að höndum. Það smá dimmir í kringum oss, uns alt hið fagra útsýni er horfið sjónum vorum og við sjáum ekkert nema þokumökkinn fram undan okkur. Þá er þokan ekki síður leiðinleg fyrir ferðamanninum sem ferðast um í ókunnum héruðum. Bæði er það að ef að þoka er, að það er oft óþægilegt fyrir ferðamanninn að rata hinn rétta veg, og svo fer hann algjörlega á mis við þá þekkingu sem hann annars hefði getað aflað sér með því að virða fyrir sér hin ókunnu héruð. En alt fyrir þetta álít eg þokuna mjög mikils virði; því bæði er það að regnið sem hún stendur í sambandi við hefur mjög mikla þýðingu fyrir gróður jarðarinnar, svo hefur hún mikla þýðingu frá annari hlið. Það er eins og máltækið segir: „Enginn veit hvað átt hefur fyr en misst hefur" Þannig er því varið þegar við virðum fyrir oss náttúrufegurðina, þá finnum við miklu betur, hvers virði hún er þegar þokan hefur hulið hana sjónum vorum heldur en á meðan við nutum hennar. Það er jafnvel vafasamt, að okkur þætti nokkuð í hana varið ef við hefðum ekkert af því að segja að missa hana. Og hversu oft skyggir ekki þokan á lífsgleði vora. vinirnir hverfa út í þokuna og margvísleg sorg og andstreymi ber að höndum, svo að við njótum ekki lífsgleðinnar. En svo birtir þokuna, við ~~sj~~ finnum aftur vinina og sorgirnar hverfa, og hversu yndislega gleðjumst við ekki þá. Gleði vor verður vissulega miklu yndislegri heldur en á meðan við höfðum ekkert af sorgum og andstreymi að segja.

Guðm. Jónsson

# Kvöldhugsun

Allir voru háttaðir í húsinu, eg var einn á fótum og var að lesa skáldsögu, annað slagið gat eg ekki annað en hætt að lesa því hugsanir mínar voru svo margvíslegar. Það hafði verið kveikt upp um daginn í herbergi því er eg var í. En nú voru síðustu neistarnir (að deyja) komnir að því að deyja.
Eg fór að hugsa um að sækja eldsneyti til að lífga þessa neista, mér fanst það svo sárt að sjá þá deyja. Einhvern margir neistar deyja ekki fyrir það að þeim er ekki veitt lífsviðurhald. Eg efast ekki um að flestir menn eiga fleyri eða færri neista sem þá langar til að lífga og glæða svo þeir verði að báli, og hvað oft eru þessir neistar deyddir, og það er sárt fyrir eigendur þeirra að sjá þá deyja en geta ekki bjargað þeim, þá neista er þeir höfðu trú á og jafnvel vissu um að ef þeir hefðu fengið að lifa, þá hefðu þeir orðið að stóru báli sem hefði lýst í myrkrum efasemdanna, myrkrum vonbrigðanna og sorganna.
Alt þetta og ótalmargt fleyra flaug mér í hug er eg horfði á neistana sem voru að deyja.
Eg gekk út til að hressa mig í hinu hreina og heilnæma kvöldlofti. Alt var kyrt og hljótt, og eg sá engan mann á ferli, enda hefur mér verið sagt að þó bæjarbúar væru á ferli á kvöldin, þá létu þeir vanalega minna á sér bera en á daginn.
Eg gekk niður (að sjónum) í fjöruna; úti á sjónum var líka alt kyrt og hljótt, þar var ekkert að sjá nema nokkra fugla er vögguðu sér á öldunum, það var talsvert kvika svo öldurnar skullu annað slagið yfir þá, en þeir komu jafnharðan upp aftur.
Eg fór að hugsa um hvað afar margt væri hulið og geymt í hafinu, hvað margt nytsamt hafi velkst á öldunum og að lokum sogast niður í djúpið þangað sem engin mannleg hönd hefur getað náð.
Eg gekk heim, en þá varð mér litið til fjallanna, og mér heirðust fjallatopparnir kalla til mín „Komdu hingað upp til okkar, því það hefur gott í för með sér".
Þegar þið sjáið eldneista vera komna að því að deyja, þá lífgið þá ef nokkur líkindi eru til að þeir geti orðið að sönnu ljósi. Og þegar þið sjáið eitthvað í hættu statt á hafinu, þá bjargið því ef unt er; og þó oft sé erfitt að komast upp á fjöllin, þá gefist ekki upp fyr en þið hafið fengið vissu um að það sé ómögulegt.
Minnist þess að því meira sem stríðið er, því sælli er maður þegar maður hefur hlotið sigurinn.

Guðm. Jónsson

Það er meira af vilja en mætti að eg tek mér penna í hönd til að skrifa í Argusblaðið.
Eg hef setið nú um stund við gluggan minn, og virt fyrir mér hið fagra útsýni, og mér finst hvergi bera skugga á hvað fegurðina snertir. Sólin skýn svo blítt og fagurt og gyllir efstu fjallahnjúkana, og sveitin breiðir fjallafaðminn á móti mér, eins og móðir á móti barni sínu. Og hugurinn flýgur sem örskot heim í dalinn með hamraborgunum háu. Þar reikar hugurinn víða, hann fer yfir fjöll og firnindi, upp til jökla og út að hafsbrún, já út yfir öll sýnileg takmörk, altaf lengra og lengra, hann vill komast eitthvað þangað sem ekkert mannlegt auga hefur náð, á einhvern blett sem er hreinn, og ekki er með fingraförum ýmislegra hugsjóna annara manna. Í einhvern töfralund þar sem hann getur hvílt sig um stund, þangað til hann hefur sig aftur til flugs heim á leikvöllinn eða heim að lækjunum sem eg lék mér hjá þegar eg var lítil. Þar flýgur hann fram og aftur í barnalegum endurminningum. Þar finnur hann litlu stúlkuna sem langaði svo til að verða stór, fyrst að líkamans þroskun; en hún hafði óljósa hugmynd um að hægt væri að verða stór á annan hátt.
Hana langaði svo til að geta unnið eitthvað mikið þegar hún væri orðin stór, en nú var hún aðeins stúlkubarn en hún vissi þó hver munur var á því en að vera drengur. Drengirnir máttu þroskast svo lengi sem þeir gátu, en hingað og ekki lengra. Þar urðu að láta staðar numið hvað hátt sem hugur þeirra flaug.
máttu ekki annað en dreyma þá drauma sem þar

vissu að ~~þær~~ gátu ræst.

Kæru félagssystur! ég sný nú máli mínu til ykkar vegna þess að alt sem snertir okkur konur, er mitt hjartans mál. Nú eru þeir tímar að koma að við fáum rétt okkar viðurkendan, að nú verður ekki lengur gengið fram hjá okkur sem værum við einskisverðar; og um leið og alt verður við að skilja hvað jafnréttið þýðir fyrir okkur. við þurfum að taka andlegum framförum til þess að geta sett fram skoðanir okkar, skoðanir sem við eigum sjálfar.

Vil ég nú skora á ykkur að taka þátt í baráttunni, og reyna að ná fullum sigri. Og varðveita sjálfstæði okkar og rétt, af alefli reyna til að verða sem sómasamlegast og best konur, því að

„Í sálarþroska svanna
býr sigur kynslóðanna
og hvað er menning manna
ef menntun vantar snót."

Sigurbjörg Pálsdóttir

## Skrítlur (þýddar úr dönsku)

Bóndakona nokkur kom til þorps nokkurs með hænu í körfu, og spurði þann fyrsta sem hún mætti um bústað nokkurs úrsmiðs. Hvað ætlið þér að gera með hænuna til úrsmiðsins? Já, hér fyrir mér verpti hún egginu kl. 5, en núna síðast liðna viku kl. 7 og sex mínútur.

Sendiherra V. hélt til á hóteli nokkru á Balkanskaganum. Í stórum samsæti tók hann eftir því að hann var búinn að tapa hinu dýrmæta gullúri sínu. Konsúllinn spurði hann hvort hann hefði engan grunaðan. Sendiherrann benti á mann nokkurn, og hélt því fram að það mundi vera sá eini sem hann hefði komist í námunda við. Það er ráðherrann okkar – svaraði konsúllinn, og hvarf með sama inn í fjöldann. Eftir litla stund kom ~~hann~~ til baka með úrið. Þakka yður fyrir herra minn! Það mun hafa verið óþægilegt fyrir yður að tala um þetta við ráðherrann.

„Ég hef ekki sagt eitt orð við hann" Hann tók als ekki eftir því. svaraði konsúllinn.

Daníel Daníelsson

# „Árgeislinn."

6. blað. 31. Marz 1912. 5. árg.

Ritnefnd: Lárus Blöndal. ~~Þ~~ Guðmann Gíslason. Páll Jónsson

## Áfram með bindindið allir menn.

„Að öðru leyti bræður mínir og systur gleðjist í drottni. Mér þykir ei mikið fyrir því að skrifa yður hið sama, en yður er það til styrkingar." – Hið dýrðlega bindindismál krefst þess, að ágæti þess sé lýst, já ótal sinnum og hvað eftir annað, því mikið er enn eftir að vinna. Ég minnist fyrst á, hve bindindið gerir gott fjárhag vorum. Hið litla áfengi kostar fé, hvað þá hið meira, hvað þá hin áfleng kaup, sem draga sig saman í stórar upphæðir. Og einkum hvað þá, ef afleiðingarnar væri reiknaðar til peninga. Menn geta orðið öreigar fyrir áfengiskaup, þyngt sveitum stórkostlega, menn geta orðið aumustu þurfalings-hjálpar og beiningamenn.

Nú minnist ég á heilsuna, jafnvel eitt staup gerir heilsunni eigi tjón, segja þeir, sem vit hafa á, eins og læknar hafa; bindindi forðar öllum þeirra ótal sjúkdómum, sem leitt geta af alkohol-drykkju. Vanalega eru bindindismenn heilsugóðir.

Þá er að minnast á mannorð heiður. Bindindi forðar manni frá öllu því illa og niðrandi umtali, sem hefir það fyrir tilefni eða fyrirsögn: „Hann er fullur," „hann drekkur" eða hin, því eins getur kvenfólk drukkið," ef freistingar væru eins fyrir það, og karlmennina. Heiður og ónot geta menn hlotið fyrir bindindi eins og hverja aðra dygð, sem gerir sig fráneidda venjunni og auðvitað er enginn alveg óhultur í þessu að spilla heimi fyrir spjótum illvildar og svo lýginnar en hinn sami heiður

tekur ekkert tillit til þess, sem lýgi og blátber heimska mælir, breytir eigi sinn dygða skyldi þessvegna.
Þá er nú hið skilningslega atriði þekkingar eða sálargáfnaatriðis. Vísindi og reynsla sanna og sýna, at sálargáfur sljófgast, undireins og menn verða kendir verða hugsanirnar ruglaðar, óeðlilegri, geðshræringasamari og bera vott um byrjun á sjálfsblindu, hvat þá þegar meir er drukkið. Hvat drykkjumaður eða jafnvel drukkinn maður, skemmir allar sálargáfur sínar verður eigi með fám orðum sýnt. Nema þat má taka þat fram, at skynsemi drykkjumanna getur svo eyðst og afskræmst, at þeir geta komist á lægra stig heldur en dýrið, svo dæmi eru til at dýrið, af því þat var ódrukkið hafði vit fyrir húsbónda sínum drukknum. Þessi saga mun sýna at dýr hefir haft vit fyrir húsbónda sínum.
Maður nokkur átti geit, hún var svo hænd at honum at hún elti hann hvert, sem hann fór. Einu sinni fór maðurinn inn í veitingakrá, og geitin elti hann inn. Þangat fór hann til at drekka áfengi. Þat voru margir menn þar fyrir, sem voru at drekka. Þeir tóku geitina og helltu ofaní hana áfengi, svo hún fór at ~~d~~ hoppa og skoppa um gólfið. Þegar maðurinn fór heim fylgdist geitin með honum. Daginn eftir fór maðurinn aftur á veitingakrána og geitin elti hann. En nú, fór geitin ekki nema at dyrunum. Hún vildi ekki fara inn þó (reynt væri) lokkaði hana með öllu mögulegu. Maðurinn tók eftir því og fór heim með (geitina) hana og steig aldrei fæti sínum inn í neina veitingakrá [illegible], og var hann bindindismaður upp frá því.
Áfengisnautnin sljófgar ekki ~~einungis~~ (andlega) drykkjumennina sjálfa heldur og börn þeirra. Þat er marg reynt og sannað at svo sé. Drykkjumannsbörn eru yfirleitt at öllu leyti líkamlega og andlega minna þroskuð en börn bindindismannsins.
Þá tek eg nú þat fram, sem ~~æðst~~ (af öllu) er hjá manninum, en þat er **samviskan**, þat er helgidómur Guðsmyndarinnar ~~[illegible]~~ Þúsund og aftur þúsund dæmi hafa sýnt, at úr saklausustu og beztu sálum, hafa orðið fyrir drykkjuskap, samviskulausir menn, glæpamenn allra tegunda, algjörðir þrælar synda og glæpa og loks dáið í syndum sínum, svo at ritningarinnar orð hafa án efa, sannast at drykkjumenn erfa ekki Guðs ríki.
Margir ætla at nú þurfi engin bindindisfélög, vegna þess at nú séu bannlögin komin á, þó með mörgum annmörkum séu. En þat er eigi svo, nú er einmitt mest þörfin fyrir félögin. Altaf má breyta lögunum og er mest hættan á því at þat verði gert, á meðan vínið er ekki búið í landinu. Þegar svo nokkur ár eru liðin (leið) frá því at alt vín er búið í landinu og bannlögin orðin hjálparlaus. Þá hafa félög enn nóg at starfa, við at útrýma öðru þjóðarböli ~~tób~~ **tóbakinu**, því tóbak er sannarlegt þjóðarböl.
Hér eru aðeins nokkur dæmi, af hinum mörgu, sem merkir læknar hafa sagt um tóbakið:
Þat er viðurkent, at tóbaksnautn á meiri þátt í afbrotum, lesti og áfengisnautn æskulýðsins en flestir foreldrar og uppeldisfrömuðir halda. Þeir sem vilja uppræta nokkut af þessu, en ekki alt, eru mjög grunnhyggnir.
**Wretlind** læknir
Tóbakit er einhver sterkasta eiturtegundin, sem til er og hefur oft sinnis orsakat dauða.
**R. C. Selle** læknir
Reynslan hefir sýnt þat, at tóbaksnautn laðar, tælir og meira at segja neyðir menn til áfengisnautnar. Af þessu getum vér séð, at tóbaksnautn er ekki eins saklaus og flestir halda, því vindillinn dregur eðlilega glasið á eftir sér. Munnurinn er þur og þarf at fá vökvun.
**P. Niemeyer** læknir
En hafa aðrir merkir menn sagt t.d. Enskur yfirkennari, Strickland at nafni segir: „Drengjum, sem reykja, einkum þó pappírsvindla, gengur afinlega verr at læra en öðrum; þeir eru skeytingarlausir um útlit sitt, hætti til at vera latir og hirðulausir og þeir hafa slæm áhrif á aðra."
Lögregluþjónn einn segir: „Af hverjum 100 drengjum, sem kærðir eru fyrir glæpi, hafa 99 spilst meir og minna af vindlinga-reykingum.
Þat þykir ekki mikil eyðslusemi, þótt eytt sé 25 aurum á dag í tóbak og vínföng, en sá, sem hvorugs neytir, sparar þessa aura. Á einum mánuði er þat ~~kr.~~ 7,50–7,75 og á einu ári yfir 90 kr. Ef hann leggur aura þessa sem hann sparar þannig í sjóð við hver mánaðarmót og héldi því áfram í 50 ár ef hann lifði svo lengi. Þá hefir hann dregið saman með vöxtum og (vaxta) vöxtum yfir 12000 — tólf þúsund krónur., og er þat ei lítið fé.
Margt mætti fleira segja um þetta efni en eg er eigi fær um þat. Eg vildi óska at einhver, sem er færari [illegible] at tala um þat en eg vildi taka þar við, sem eg endi og

fylla út í eyðurnar, því þær eru óneitanlega margar.

Þór Guðmann Gíslason.

## Heimþráin.

Flestum mun finnast at æskuheimili sitt muni vera sér kærast. En flestir munu einhverntíma þurfa á því at halda at kveðja þat. Sumir sjá þat ekki aftur; en þeir, sem sjá þat aftur eru mjög misinnandi lengi burtu frá því. — Alt fyrir þat þótt æskuheimilit sé manni mjög kært, grípur sú tilfinning flesta æskumenn at fara burtu frá því. Þeir sjá heiminn framundan sér sem þeim virtist mjög fagur. Já svo fagur at þeir halda at þeir muni hljóta hamingju ef þeir ateins yfirgefa heimili sitt. Og frá heimilinu fara þeir. Þeir ~~[illegible]~~ byrja hina þýtingar miklu ferð út í heiminn. Þessi ferða ár geta verit ágæt og hjómandi, en þau hafa skuggahliðar sínar og freistingar í meiri eða minni mæli. Ver getum komist til vandalausra, til svo góðra manna og í svo góðum á-stæðum at lítit beri á skugganum og freistingunum. En flestir megin menn og konur fá nú samt sem áðr at reyna þat at heimurinn er ekki alveg eins og þeir hugsuðu sér hann áður en ~~þeir~~ fóru at heiman. Meðan menn voru heima þráðu þeir at komast út í heiminn, en þegar þeir eru komnir burtu, þá fer þá at langa til at fara heim aftur. Og þeim finst orð skáldsins til sín töluð.

Þaðaftu vinur heimahaga þína,
sem hver þín hugsun frjáls má leika sér.
Þar, sem þér, allir hjartans sæmdir sína,
og sérhver leyniósk þér ráðin er.

Lárus J. Blöndal

## Svar.

Hver maðurinn er hættulegri, sá fáskifti eða sá margskifti? Þessari spurningu hefir verit beint til mín.

Hún er eins og margt fleira at hægt er at hafa skiftar skoðanir um. — Fljótt á at líta virtist sá margskifti vera hættumeiri, því engum blandast hugur um, at sá, sem er við alt riðinn og af öllu skiftir sér, heldur og þar, sem best gengur þá stundina; honum er valt at treysta. Aftur á móti er sá fáskifti: dulur, stefnufastur, seinlátur hyggjusamur, þunglyndur; þangat, sem hann stefnir í dag, heldur hann á morgun. Þat er því eitt hægt at segja um hann, hann er staðugur og tryggur sínum vinum, og hættulegur óvinum sínum. Því þess höfum vit dæmi í Íslendingasögunum at þeir hefndu best, er fæst um töludu.

Þat verður þá minn dómur, at sá fáskifti sé ábyggilegri fyrir vini, en hættulegri fyrir óvini.

Páll Jónsson

Kafli úr gamalli prédikun.

Dæmisögu vil eg segja yður, elskulegir bræður og systur. Menn voru á bát fyrir utan odda, og hvirfilbylur kom og hvolfdi bátnum. Einn af hásetunum komst á kubb, sem gat ateins einum fleytt og flaut á honum. Þá kom annar upp við hliðina á honum og sagði: „Lof mér á kubbinn.“ „Eg lofa þér ekkert á kubbinn“ sagði hinn. „Æi jú, þat stendur skrifat, at þú eigir at elska náunga þinn ~~eins~~ [sem] sjálfan þig; lofaðu mér á kubbinn.“ „Já, en hvar stendur at eg eigi at elska hann meira en sjálfan mig? eg lofa þér ekkert á kubbinn.“ Þannig sjáið þér mín elskulegu börn, at þó heilög ritning segi oss, at elska náungann eins og sjálfa oss, þá býður hún hvergi at vér elskum hann meira, og getur því svo farit á stundum, at vér verðum at elska hann minna en oss sjálfa ~~þegar~~ í nauðsynar sakir.

Skrítlur.

Dómarinn: „Hvat eruð þér gamlar?“

Kvennmaðurinn: (feimnislega): „Þat vil eg helst ekki segja.“

Dómarinn: „Eg þarf at fá at vita þat. Þér getið at minsta kosti sagt mér, hvat þér voruð gamlar fyrir 10 árum síðan.“

Kvennmaðurinn: (glaðlega): Nú já, tuttugu og þriggja ára.

Móðirin: „Eg sá þig áðan kyssa á fingurinn yfir til stúdentsins, sem sat við gluggann hinu megin við götuna. Eg banna þér at gera þat oftar.“

Dóttirin: „En sástu mamma hvat hann var ósvífinn, hann kastaði kossi yfir til mín, en eg tók hann af vörunum á mér og kastaði honum ~~aftur til~~ til baka.); eg vissi at þú vildir ekki at eg skyldi sitja með hann.

Hvat er þat sem margir helst vildu hafa látit ósagt?: Svar: Viltu eiga mig.

„Kyssir hann pabbi þig, mamma, af því honum þykir vænt um þig“? spurði Nonni litli mömmu sína.
„Auðvitað, hjartað mitt; því skyldi hann annars vera að kyssa mig?“
„Nú, þá þykir honum líka vænt um hana Stínu eldabusku, því þegar þú varst farin til kirkjunnar á sunnudaginn var, sá ég hann kyssa hana 10 kossa.“

__Gunna litla:__ „Getur þú ekki sýnt þig á leiksviði, sem krafaskessu mamma?“

__Móðirin:__ Hvernig í dauðanum dettur þér slíkt í hug, anginn minn?“

__Gunna litla:__ „Jú, því þú sagðir í gær, að þú gætir vafið honum pabba um litla fingurinn á þér.“

Bazaglennir.

# Árgeislinn.

7. blað 28. April 1912 5. árg.

Ritnefnd. Hjalti Björnsson
Sigurlaug Björnsdóttir
Stefanía Erlendsdóttir

## Haust og vor.

Endaþótt þetta tvent sé mjög ólíkt, verður manni oft að bera það saman. Hvoru tveggja er svo ríkt af fegurð, en svo ólíkri fegurð. Eg held að öllum þyki vænt um vorið meira eða minna. Allir þrá af alhug komu þess. Það hefur svo margt að færa svo margt að gefa. Vertu velkomið indislega vor! með sólina vermandi lýsandi og græðandi, alt sár sem veturinn ískaldi særði móðir vora, náttúruna. Með lækina líðandi niðandi sem veturinn lagði í læðing, með fossana fallandi þjótandi, sem með sínum þróttmiklu dunum, kveða inn í mann nýjan hug, nýtt áræði til framtaks í öllu góðu starfi. Vertu velkomið með græna mjúka grasið og litfögru blómin. Á þennan hátt eða svipaðan finnst mér allir muni hugsa, en þó þykir sumum mönnum vænna um haustið. Eg kýs vorið heldur. Það er svo miklu ánægjulegra að lífga en deyða, verma en kæla þíða en frysta. Í þessu upptalda liggur starf hausts og vors, finnst mér (Í þessu) Haustið er svo mótstandandi við vorið, þessvegna getur mér ekki þótt eins vænt um það. — — En áreiðanlega er það oft mjög fagurt, sérstaklega á kvöldin. Himininn dimmblár og djúpur, dregur að sér athygli mína, stundum alsettur tindrandi stjörnum, stundum sveipaður rósfögrum norðurljósum. — — En þetta er allt svo langt í burtu, svo óskiljanlega takmarkalaust, svo stórt og hátignarfullt að mér finnst ég verða svo undurlítil, og allt sem ég þekki og sé verður líka smátt. Eg lít niður á jörðina og blómin fölnuð. Þá finnst mér allt svo lítið og lágt, og jörðin og allt sem á henni lifir vera minna en dropi í hafinu, fánýtt og einskisvirði. Þá skil ég hversvegna þunglyndi ásækir svona menn á haustin.

En vorið það kemur til mín með sól í fangi og blóm við barm. Það klæðir jörðina — bústað okkar, sjálfra, í fegursta skrúða. Það gefur gull og grænt gras. Hvað það er indælt og hressandi loftið á vormorgnana, — þegar maður vaknar af værum blundi, kemur út til blómanna fuglanna úti birtuna og blíðuna. Blómin fjóma í skrýðandi litprýði, breiða út krónurnar brosa móti sólinni, og með sínu máli bjóða þau mér góðan daginn, og segja að gaman sé að lifa og vera ungur, gaman að lifa til að gleðja aðra með fegurð sinni og ilmi. gleðilegt að lifa. Til að lofa guð og votta hans dásemdir og vísdóm. Og fuglarnir syngja svo blítt og saklaust um það hvað gaman sé að vera komin heim yfir hafið víða. Veröldin öll er svo víð og svo fögur, og náttúran svo rík og örlát.

Eg á ekki orð til að lýsa vorinu eins og það kemur mér fyrir, mér finnst eg eiga allt ósagt um það. þó eg hafi skrifað þessar línur. Að endingu bið eg ykkur kæru félags-systur og bræður afsökunar á þessari ritgjörð, bið ykkur að taka tillit til þess að eg er óvön og lítið lærð. Svo óska eg ykkur öllum (af) innilega gleðilegs sumars, og þakka fyrir veturinn.

Sigurlaug Þ. Björnsdóttir

## Samtíningur

Þó að konan hefði enn fleira lesti en enn hefur tekist að komast fyrir, þá segja þeir ekkert á móti hennar guðdómlega kærleiks krafti, sem nær hámarki sínu í móður ástinni

Dagarnir eru blöðin í lífsins bók. Vandaðu þig að skrifa í þau; láttu þar sjást góða breytni og hreinar hugsanir.

26 eru þau nú talin tunglin í voru sólkerfi; nýfundið er eitt af þeim; flest af þeim fylgja Satúrnus 10 Júpiter 8, Úranus 4, Mars 2, Neptúnus 1, og jörðinni 1, 16 þessi tungl hafa enskir og amerikanskir stjarnfræðingar fundið síðan 1787.

Dálítið almanak.

Hyntu þér vel þetta almanak, vinur minn þú sem vilt fá þér góða konu.

Í Janúar trúlofast góðu konurnar, þær sem góðar verða húsfreyjur. Hugleiddu það ungi maður, sem vilt fá þér góða búkonu með góða sál.

Í Febrúar fara þær helst af stað þessar inndælu, afburða-kærleiksríku konur, sem eru skapaðar umhyggjusamar mæður. Gleymdu því ekki ungi maður sem vilt fá þér fyrir konu móður umhyggjunnar og elskunnar persónu gerfi.

Í Mars máttu ekki láta renna umhugsunar laust niður í tíðardjúpið kalda. þú ungi maður sem vilt fá þér skemtilega konu en vertu við búinn skaplesti hennar.

Í Apríl fær þér fagra konu ef þú nennir eftir að leita. En mundu vinur minn, að þú lifir ekki á tómri fegurð.

Í. Maí blómgvast þær og anga, konurnar eftirsóknarverðustu. Gleymdu ekki Maí drengur minn, ef þú vilt fá þér konu er gerir þig hamingjusaman.

Í Júní ganga þær sæmilega og mikið sæmilega til fara að öllu og eru konurnar göfugu og stórráðu, þessar stórlyndu kappskonur. Notaðu bjartar Júnínætur maður sem girnist ást, hylli og eilífa sambúðtygsamúð stórlyndrar, gáfaðrar og ríkrar konu.

Í. Júlí hyggja þær gott til glóðarinnar þessar skrautklæddu, veikbygðu konur. Ef þú vilt njóta þeirra, þá sem einu ráðar á eyðimörku veraldar þessarar kamastu þá við þinn vitjunar tíma

Í. Ágúst skaltu duga sjálfum þér maður sem vilt fá þér duglega konu og hagsýna utan húss og innan. Það veitir ekki af því um tíða-bjargræðistímann. —

Ef þú vilt hafa kyrt og hljótt á þínu heimili, en njóta virðingar og kappkasta virðingu, farðu þá í konuleit í Septembermánuði.

Í Október færir þér melska konu og margfróða. Gleymdu því ekki; þú sem girnist veraldar viskuna og þessar skemtilegu fréttir í hvert einasta mál.

Í. Nóvember hugsar vitur kona og göfug til ~~þín~~ hjúskapar. Þú sem slíka konu girnist, til þess að bæta þig upp eða af því að þér leikur hugur á að efla kyn þitt viti og virðingu eða af hverju sem það nú er, mundu eftir niðdimmu um Nóvemberkvöldunum, sofðu ekki alla vökuna.

Ef þú ert nýungagjarn, þá blessaður hugsaðu ekki um hjúskapar band í Desember en þú aftur haldssamur karl, þér veitir ekki af að fá þér konu í þessum mánuði, svo þú verðir ekki alt of langt á eftir tímanum,

Því þó hún sé nýungagjörn á alla grein, þá er hún þó besta kona, sögur og kanski það sem þó síst lýst við, tryggðin sjálf og dygðin

Margt mætti að leggja þér fyrir brúðkaupið, en það er rétt að þú prófir hjúskaparlífið fyrst, næsta blað segir þér kanski eitt hvað meira.

(Við erum nú hér á Íslandi; en þetta segja þeir nú sunnar á Englandi. Það er alt annað loftslag en hér, en leyni-þráður kynni þó milli að (liggja) hanga

Þytt hefir

Hjálmur

Sólar Ljóð

1. Nú hverfa heim sins arfi
Háleitur frá bláum
Bjartra ljósheima leiðum
Og líður að vestri niður
Þyr mát dögling hyrum
Dagsbrúnar apnar standa
Hoger hafi sogi
Haita jöfri búin
Hvíldu hann í felli

2 Forvitnar ægis allar
Að honum flykkjast dætur
Skoða skínandi háfjörð
Skjálfandi af hræðslu
Hans langa ljósar fætur
Og blíð soo fundu
Þegandi á tær sér tylla
Og til hans þær hverfa

3 Hans yfir værð þær vaka
Og vörð halda dyggvar
Hjúkri þær rugga rekkju
Og rauðahafinu háfgu

Hilmir vafri skyggðum
Og þegar ferð á fætur
Hvíd sendu mér gleði

4 Láttu mér þá ljóma
Ljósu geisla blysin
Sjón mér og skilning skerðu
Og skíndu í hjarta
Skuggum min dauðans dimmu
Dreifðu á burtu
Og náttina sorgar svalu
Ar sinni mér hafðu